

# Heimsóknarskýrsla Fangelsið Litla-Hrauni

28.–30. nóvember 2022

OPCAT-eftirlit með stöðum þar  
sem frelsissviptir dvelja



**UMBODSMANÐUR  
ALÞINGIS**

Fangelsið Litla-Hrauni



# Heimsóknarskýrsla Fangelsið Litla-Hrauni

28.-30. nóvember 2022

OPCAT-eftirlit til að hindra pyndingar  
eða aðra grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi  
meðferð eða refsingu á stöðum þar sem  
frelssviptir einstaklingar dvelja

Útgáfudagur 4. desember 2023

xx

# Efnisyfirlit

1	<b>Samantekt</b> .....	6
2	<b>Undirbúningur og framkvæmd heimsóknar</b> .....	13
3	<b>Inngrip og valdbeiting</b> .....	15
3.1	Valdbeitingartæki.....	15
3.2	Vistun í öryggisklefa.....	15
3.3	Öryggisdeild.....	17
3.4	Leit í klefa.....	18
3.5	Líkamsleit.....	18
3.6	Líkamsrannsókn.....	19
3.7	Aðgengi að síma .....	20
4	<b>Aðbúnaður</b> .....	21
4.1	Almennt .....	21
4.2	Loftgæði.....	23
4.3	Öryggisdeild.....	24
4.4	Sameiginleg hreinlætisaðstaða .....	26
4.5	Barnakot .....	27
4.6	Fjárhagslegur aðbúnaður.....	29
5	<b>Meðferðarúrræði og endurhæfing</b> .....	31
5.1	Endurhæfing .....	31
5.2	Meðferðaráætlanir.....	31
5.3	Vímuefnanotkun og meðferðar- og stuðningsúrræði.....	32
6	<b>Starfsfólk</b> .....	34
7	<b>Heilbrigðisþjónusta</b> .....	36
7.1	Almenn lækniþjónusta.....	36
7.2	Tannlæknaþjónusta.....	37
7.3	Lyfjagjafir .....	37
7.4	Sálfræðiþjónusta og geðheilbrigðismál.....	39
8	<b>Sérstakir fangahópar</b> .....	40
8.1	Erlendir fangar.....	40
8.2	Fangar dæmdir fyrir kynferðisbrot.....	41
8.3	Gæsluvarðhaldsfangar .....	41



<b>9</b>	<b>Upplýsingagjöf, kærur og kvartanir .....</b>	<b>43</b>
9.1	Upplýsingagjöf.....	43
9.2	Skráning og afgreiðsla erinda.....	43
9.3	Kærur .....	44
9.4	Kvartanir.....	44
<b>10</b>	<b>Eftirfylgni.....</b>	<b>47</b>

# 1 Samantekt

- Umboðsmaður heimsótti Fangelsið Litla-Hrauni dagana 28.-30. nóvember 2022. Um var að ræða þriðju heimsókn umboðsmanns í fangelsið í þágu OPCAT-eftirlits embættisins en sú fyrsta þar sem fangelsið og starfsemi þess kom í heild sinni til skoðunar.
- Við heimsókn umboðsmanns kom í ljós að skápur fyrir varnartæki var ekki inn-siglaður og starfsmenn höfðu aðgang að slíkum tækjum, s.s. tára-gasi og kylfum, án þess að notkunin væri skráð eða yfirmanni vaktar tilkynnt um hana. Af því tilefni er þeim tilmælum beint til Fangelsisins Litla-Hrauni og Fangelsismálastofnunar að skýra verklag sem viðhaft er við geymslu og notkun varnartækja og skráningu þeirra. Auk þess er þeim tilmælum beint til dómsmálaráðherra að fylgja eftir áformum um að setja reglur um valdbeitingu fangavarda og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna.
- Fangar sem vistaðir eru í öryggisklefa eru almennt aðskildir frá öðrum föngum. Vistunin á aldrei að vara lengur en samræmist tilgangi hennar og beitingu annarra aðgerða. Með tilliti til grunnreglunnar um meðalhóf þarf því að endurmeta reglubundið hvort nauðsyn er til áframhaldandi vistunar. Í ljósi þess að skaðleg áhrif einangrunar aukast eftir því sem hún varir lengur standa veigamikil rök til þess að virkt eftirlit sé með vistunum í öryggisklefa og þá sérstaklega ef um er að ræða vistun um lengra skeið. Lög um fullnustu refsinga kveða hins vegar hvorki á um hámarkstíma vistunar né kerfisbundið eftirlit með henni. Engu að síður er þeim tilmælum beint til fangelsisins að endurmeta reglulega, a.m.k. daglega, hvort áframhaldandi vistun í öryggisklefa sé nauðsynleg og sjá til þess að sú framkvæmd sé skráð með fullnægjandi hætti.
- Í lögum og fjölþjóðlegum viðmiðum er kveðið á um tiltekna öryggisráðstafanir við beitingu einangrunar, s.s. eftirlit heilbrigðisstarfsfólks. Í framkvæmd eru fangar í sumum tilvikum hvorki skoðaðir af lækni við upphaf vistunar í öryggisklefa né meðan á vistuninni stendur. Slík framkvæmd er almennt til þess fallin að auka líkur á ómannlegri og vanvirðandi meðferð og á það því frekar við ef fangi glímir við geðrænan vanda. Þeim tilmælum er beint til fangelsisins að kalla til lækni við upphaf vistunar í öryggisklefa til að meta andlegt og líkamlegt ástand fanga. Þá er þeirri almennu ábendingu komið á framfæri við dómsmálaráðherra að taka til skoðunar hvort ástæða sé til þess að hafa framkvæði að því að vistun fanga í öryggisklefa verði búin ítarlegri umgjörð í lögum eða fyrir-mælum á grundvelli þeirra.

- Þær skýrslur um klefaleit sem umboðsmaður fékk afrit af báru ekki með sér að teknar hefðu verið formlegar ákvarðanir af hálfu forstöðumanns og bókað um þær. Af skýrslunum varð ráðið að föngum hefði í meiri hluta tilvika ekki boðist að vera viðstaddir leit og þá án þess að sérstök ákvörðun forstöðumanns lægi því til grundvallar. Auk þess var föngum almennt ekki skýrt frá ástæðu leitar. Af því tilefni beinir umboðsmaður því til fangelsisins að taka verklag við leit í klefa til endurskoðunar svo að samræmist fyrirmælum laga þar um.
- Líkamsleitir fara ýmist fram vegna einstakra atvika eða kerfisbundið, s.s. eftir heimsóknir til fanga og þegar fangar koma til baka í fangelsið eftir dvöl utan þess. Þótt ákvörðun um að leita kerfisbundið á föngum geti grundvallast á mál-efnalegum sjónarmiðum og fallið innan þeirra marka sem lög og aðrar grundvallarreglur setja framkvæmdinni er þeirri ábendingu komið á framfæri við fangelsið að gæta þess að endurmeta reglubundið nauðsyn til kerfisbundinna líkamsleita í fangelsinu.
- Líkamsleit í fangelsinu fer almennt þannig fram að fanga er gert að afklæðast að fullu án þess að sérstakt mat sé lagt á það hvort ganga megi skemur. Í skýrslunni er bent á að svo almenn framkvæmd geti falið í sér hættu á vanvirðandi meðferð. Í því ljósi er þeim tilmælum beint til fangelsisins að gæta þess að framkvæmd við líkamsleit geri ráð fyrir svigrúmi til einstaklingsbundins mats á því hvort beita megi vægari úrræðum við leitina, s.s. þannig að hún fari fram í áföngum.
- Við þvagsýnatöku er föngum ávallt gert að afklæðast og gefinn kostur á að klæðast sloppi frá fangelsinu. Umboðsmaður bendir í því sambandi á að ákvörðun um líkamsrannsókn er íþyngjandi ákvörðun sem skal ávallt styðjast við nauðsyn og meðalhóf, bæði hvað varðar þörf á henni og framkvæmd hennar. Er þeim tilmælum beint til fangelsisins að endurskoða verklag við þvagsýnatöku þannig að gert sé ráð fyrir svigrúmi til einstaklingsbundins mats á því hvort nauðsynlegt sé að láta fanga berhátta sig að fullu eða hvort aðrar og vægari leiðir séu færar í því tilliti.
- Dæmi voru um að skráning um tilefni röntgenrannsókna væri ekki fullnægjandi auk þess sem ekki var fyrir að fara formlegum ákvörðunum forstöðumanns um þær, líkt og áskilið er í lögum. Af því tilefni er þeim tilmælum beint til fangelsisins að tryggja að framkvæmd þessara ákvarðana sé í samræmi við lög.
- Fangar voru almennt ekki meðvitaðir um þann möguleika að eiga símtöl í einrúmi í símaherbergjum í fangelsinu, t.d. við lögmenn, opinberar stofnanir og umboðsmann Alþingis. Af því tilefni er því beint til fangelsisins að bæta upplýsingagjöf þar um.
- Það vakti athygli umboðsmanns í hve mikilli niðurníðslu sumir hlutar húsnaðis fangelsisins voru. Er þeim tilmælum beint til dómsmálaráðuneytisins, Fangelsismálastofnunar og Fangelsisins Litla-Hrauni að huga að almennu lág-

marksviðhaldi á húsnæði fangelsisins til að tryggja heilnæman og mannsæm-  
andi aðbúnað fanga og þá án tillits til þess hvort eða hvenær nýtt fangelsi  
verður tekið í notkun að Litla-Hrauni.

- Í skýrslunni eru gerðar athugasemdir við loftgæði í fangelsinu og þeim til-  
mælum beint til fangelsisins að tryggja að þau séu fullnægjandi, svo sem með  
því að huga að loftræstikerfi og umgjörð glugga. Slæm loftgæði má einnig rekja  
til þess að reykingar eru leyfðar inni á klefum. Þeirri ábendingu er því komið á  
framfæri við fangelsið að taka til skoðunar hvort unnt sé að vista fanga sem það  
vilja á reyklausum gangi.
- Að undanskildu þrekhjólí í sameiginlegu rými og upphifingarstöng á útisvæði  
höfðu engar sjáanlegar úrbætur verið gerðar á aðbúnaði öryggisdeildar frá út-  
gáfu skýrslu umboðsmanns um deildina í nóvember 2021. Af því tilefni eru  
ítrekuð fyrri tilmæli við fangelsið, Fangelsismálastofnun og dómismálaráðherra  
um að ráðast án tafar í nauðsynlegar endurbætur og viðhald á öryggisdeild, s.s.  
á útisvæði og í sameiginlegum rýmum.
- Í sameiginlegri hreinlætisaðstöðu fangelsisins, sem fangar sjá um þrif á, var  
hreinlæti ábótavant. Þá lýstu sumir fangar óþægindum sem gætu fylgt því að  
nota salernisaðstöðu inni á klefum sínum þar sem þeir hefðu ekki aðgang að  
sameiginlegri hreinlætisaðstöðu að nóttu til. Því er þeirri ábendingu komið á  
framfæri að leita leiða til að fangar geti notað salerni, einnig að nóttu til, án þess  
að þurfa að búa og sofa við slæma lykt.
- Barnakot er aðstaða sem ætluð er fyrir samveru fanga og barna þeirra og hefur  
almennt afslappaðra yfirbragð en almenn heimsóknaraðstaða í fangelsinu. Að-  
staðan er þó ekki fullnýtt sem á sér m.a. þær skýringar að opnunartími að-  
stöðunnar er aðeins frá klukkan 13:00-15:30 á virkum dögum og þar er lokað um  
helgar. Þessi opnunartími getur gert fjölskyldum fanga erfitt um vik að nýta  
aðstöðuna, t.d. vegna skólastarfs og vinnu. Því er beint til Fangelsismála-  
stofnunar og fangelsisins að leita leiða til að rýmka opnunartíma Barnakots eða  
sambærilegrar aðstöðu fyrir fjölskyldur fanga, m.a. þannig að tekið sé tillit til  
starfsemi leik- og grunnskóla.
- Ekki varð annað ráðið en að fæðispeningar, dagpeningar og greiðslur fyrir vinnu  
og nám dugi almennt ekki fyrir þeim útgjöldum sem fangar þurfa að standa  
straum af í fangelsinu. Eru því ítrekuð fyrri tilmæli umboðsmanns til Fangelsis-  
málastofnunar um að birta upplýsingar um fæðisfé fanga og forsendur sem þar  
búa að baki eða gera þær aðgengilegar með öðrum hætti. Þá er Fangelsismála-  
stofnun bent á að endurmeta með reglubundnum hætti forsendur upphæðar  
fæðisfjár og meta hvort rétt sé að styðjast við aðra þætti en neysluviðmið félags-  
og vinnumarkaðsráðuneytisins, t.a.m. með því að taka tillit til þróunar verðlags  
neysluvara. Einnig er þeirri ábendingu komið á framfæri við dómismálaráðu-  
neytið að taka til skoðunar og meta hvort tilefni sé til að endurskoða þóknanir  
fyrir nám og vinnu og fjárhæð dagpeninga með hliðsjón af tillögum stýrihóps  
um málefni fanga.

- Við heimsókn umboðsmanns hafði aðeins einn fangi af þeim 48 sem voru í afplánun virka meðferðaráætlun auk þess sem þrjár meðferðaráætlanir voru í vinnslu. Í nýlegri skýrslu umboðsmanns um aðbúnað og aðstæður kvenna í íslenskum fangelsum var fjallað um að þau viðmið sem Fangelsismálastofnun legði til grundvallar þegar tekin væri ákvörðun um hvort þörf væri á meðferðaráætlun þrengdu um of að því mati sem stofnuninni væri falið að framkvæma samkvæmt lögum. Því voru þau tilmæli ítrekuð við stofnunina að hverfa frá því að beita eingöngu almennum viðmiðum við umræddar ákvarðanir og leggja þess í stað einnig mat á nauðsyn meðferðaráætlunar á grundvelli einstaklingsbundinna þátta í samræmi við áskilnað laga.
- Meiri hluti fanga á Litla-Hrauni glímur við vímuefnavanda og verður ekki annað ráðið en að þeir hafi greiðan aðgang að vímuefnum innan fangelsisins. Neysla vímuefna hefur almennt mikil áhrif á starfsemi fangelsisins og reglu innan þess. Þá er ofbeldi innan fangahópsins og inngrip af hálfu starfsmanna oft tengd neyslu fanga á vímuefnum. Í þessu samhengi vekur umboðsmaður athygli á að vandamál vegna vímuefnaneyslu séu óumdeild í fangelsinu og að það skeri sig úr samanborið við önnur fangelsi varðandi aðgengi að vímuefnum og neyslu. Þrátt fyrir þetta eru meðferðarúrræði í fangelsinu fá og ekki verður séð að sérstaklega hafi verið brugðist við athugasemdum CPT-nefndarinnar frá 2019 um skort á heildrænni stefnu stjórnvalda vegna vímuefnavanda í fangelsum. Þá var í áætlun um heilbrigðisþjónustu við fanga frá árinu 2019 gert ráð fyrir að geðheilsuteymi fangelsa kæmi að því að veita markvissa, samfellda og einstaklingsmiðaða fíknimeðferð. Umboðsmaður leggur í því sambandi áherslu á að huga verði að því að teyminu séu búnar viðeigandi aðstæður og veittur stuðningur til að sinna meðferðarstarfi svo fylgja megi eftir þeim áætlunum sem gerðar hafa verið. Þá er því beint til ráðherra bæði dómsmála og heilbrigðismála, með aðkomu Fangelsismálastofnunar, að móta heildræna stefnu um aðstoð við fanga með vímuefnavanda þar sem stefnt verði að því að draga úr notkun vímuefna í fangelsinu, m.a. með auknu framboði af meðferðar- og stuðningsúr-ræðum. Því er einnig beint til sömu ráðherra að taka til athugunar á grundvelli yfirstjórnunar- og eftirlitsheimilda sinna hvort aðgerðaráætlun um heilbrigðisþjónustu við fanga hafi verið fylgt eftir með viðeigandi aðgerðum.
- Samskipti fangavarða og fanga í fangelsinu einskorðast að mestu við formlegar beiðnir og fangaverðir hafa almennt ekki viðveru inni á deildum nema þegar lyf eru gefin eða klefum lokað og þeir opnaðir kvölds og morgna. Af þessu tilefni er því beint til Fangelsismálastofnunar og fangelsisins að bæta markvisst þjálfun starfsfólks í virku öryggi samhliða því að viðhalda með reglubundnum hætti þjálfun starfsfólks í valdbeitingu og líkamlegum tókum. Einnig er bent á nauðsyn þess að starfsfólk fái reglulega þjálfun í skyndihjálpi og að fyrirkomulag svokallaðra þjálfunarvakta verði endurskoðað þannig að þær nýtist betur til þjálfunar.
- Vegna anna hjá flutningsteymi getur komið til þess að fangar sem þurfi á heilbrigðisþjónustu að halda þurfi að bíða eftir að komast undir læknishendur. Því beinir umboðsmaður því til Fangelsismálastofnunar og fangelsisins að tryggja

greitt aðgengi fanga að heilbrigðisþjónustu vegna óvæntra verkja eða veikinda sem þarfnast meðhöndlunar og að leita leiða til að koma í veg fyrir að fangar verði af þjónustu sérfræðilækna vegna atvika sem eru þeim óviðkomandi, s.s. vegna anna starfsfólks eða ónógrar mönnunar. Þá ítrekar umboðsmaður mikilvægi þess að læknisskoðun fari fram við upphaf afplánunar og þegar beitt er einangrun, aðskilnaði, vistun í öryggisklefa og eftir atvikum vistun á öryggisdeild.

- Löng bið getur verið eftir almennri tannlæknaþjónustu, jafnvel í tilvikum þar sem fangar þjást af verkjum, auk þess sem þjónustan er háð fjárráðum fanga. Í samræmi við fyrri umfjöllun umboðsmanns um aðgengi fanga að tannlæknaþjónustu eru ítrekuð þau tilmæli til Fangelsismálastofnunar að tryggja að allir fangar hafi aðgengi að nauðsynlegri tannlæknaþjónustu óháð fjárhag.
- Í fangelsinu sjá fangaverðir um útdeilingu lyfja. Umsýsla við lyfjagjöf er umfangsmikil í fangelsinu þar sem mikill meiri hluti fanga tekur lyfseðilsskyld lyf daglega. Skipulagðar lyfjagjafir eru fjórum sinnum á dag. Almennt hafa fangaverðir ekki fengið sérstaka þjálfun eða fræðslu í tengslum við lyfjagjafir. Lyfseðilsskyld lyf til daglegrar notkunar eru skömmtuð í sérstök lyfjabox í apóteki. Þó kunna fangaverðir að skammta lyf samkvæmt leiðbeiningum frá lækni þegar fanga hefur verið ávísað lyfi *eftir þörfum*. Af þessu tilefni er því beint til fangelsisins að leita leiða til að koma í veg fyrir að fangaverðir eða almennir starfsmenn sinni störfum heilbrigðisstarfsfólk, s.s. lyfjagjöfum. Séu aðstæður með þeim hætti að starfsmenn þurfi að koma að lyfjagjöfum bendir umboðsmaður á nauðsyn þess að hlutaðeigandi starfsmenn hafi fengið viðeigandi fræðslu og þjálfun. Því er einnig beint til fangelsisins að gæta betur að upplýsingagjöf til fanga þegar mistök verða við lyfjagjöf.
- Hluti fanga með geðrænan vanda glímir við alvarleg veikindi og þarf af þeim sökum mikla geðheilbrigðisþjónustu innan fangelsisins eða, í sumum tilvikum, á geðdeild utan fangelsisins. Almenn hætta er á að þessir fangar þrífist ekki vel innan fangahópsins með þeim afleiðingum að þeir eru frekar aðskildir frá öðrum föngum, s.s. með vistunum á öryggisdeild eða í öryggisklefa. Oft felur slík vistun í sér einangrun sem getur lagst sérstaklega þungt á þá fanga sem glíma við andleg veikindi af einhverjum toga. Er athygli fangelsisins vakin á því að í tilvikum sem þessum er sérstaklega brýnt að fram fari læknisskoðun á fanga og gætt sé að ástandi hans með reglubundnum hætti.
- Tilkoma geðheilsuteymis fangelsanna hefur bætt geðheilbrigðisþjónustu við fanga. Í þeim tilvikum sem innlögn á heilbrigðisstofnun hefur verið metin nauðsynleg, t.a.m. af læknum eða geðheilsuteymi, fara fangar samkvæmt upplýsingum frá fangelsinu þó einungis í undantekningatilvikum á viðeigandi heilbrigðisstofnun, m.a. vegna tregðu slíkra stofnana til að taka við föngum. Í þeim efnum hefur verið vísað til þess að aðstöðu skorti til að tryggja öryggi fanga og starfsfólks. Vistun manna í fangelsi á ekki að skerða möguleika þeirra til innlagnar á geðdeild sé hún talin nauðsynleg. Því beinir umboðsmaður þeim tilmælum til heilbrigðisráðherra að tryggja, í samvinnu við dómsmálaráðherra, að



fangar eigi sambærilegt aðgengi að nauðsynlegri geðheilbrigðisþjónustu og aðrir borgarar.

- Vegna erlendra fanga er því beint til Fangelsismálastofnunar að fylgja eftir áformum um að þýða helstu upplýsingar og skjöl yfir á þau tungumál sem algengast er að reyni á innan fangahópsins. Þá er því beint til fangelsisins að útvega ávallt túlkþjónustu við innkomu fanga sem skilja hvorki íslensku né ensku svo unnt sé að tryggja að upplýsingarnar komist til skila og einnig þegar upplýsingum, sem ljóst er að hafi mikla þýðingu fyrir þá, er komið á framfæri.
- Fangar sem afplána dóma vegna kynferðisbrota eiga á hættu að verða fyrir aðkasti af hálfu annarra fanga og veigra þeir sér t.a.m. við að fara í útiveru. Dæmi voru um að fangar hefðu ekki farið út undir bert loft mánuðum saman nema til að sækja vinnu eða fara í heimsóknaraðstöðu. Við heimsókn umboðsmanns hafði sérstakur útivistartími, sem áður var ætlaður þessum föngum, verið afnuminn, m.a. með vísan til þess að þeir hefðu ekki nýtt sér hann. Viðtöl við fanga leiddu í ljós að þeir hefðu þrátt fyrir sérstakan tíma til útivistar orðið fyrir aðkasti annarra fanga, s.s. með orðsendingum í gegnum glugga. Er því beint til fangelsisins að halda áfram að leita leiða til úrbóta, svo sem með aukinni viðveru fangavarða eða aðgengi að sérstöku útsvæði þar sem þeir geta verið óhultir fyrir áreiti annarra fanga.
- Í ljósi þess að réttur gæsluvarðhaldsfanga, t.d. til fjarskipta, virðist sæta sömu takmörkunum og réttur afplánunarfanga eru ítrekuð tilmæli til Fangelsismálastofnunar og fangelsisins að greina eðli og efni þeirra ákvarðana sem teknar eru í tengslum við vistun gæsluvarðhaldsfanga með réttarstöðu þeirra sem gæsluvarðhaldsfanga í huga.
- Fangar fá upplýsingar um réttindi og skyldur sínar í innkomubæklingi sem samanstandur að meginstefnu til af upptalningu lagaákvæða og stjórnvaldsfyrirmæla um afplánunina. Nú hefur auk þess verið gefinn út innkomubæklingur á einfaldara máli sem er afhentur samhliða fyrrgreindum upplýsingum og er það jákvætt. Í þessu sambandi bendir umboðsmaður þó á að upplýsingar um lög og reglur sem gilda um vistun kunni ekki alltaf að komast til vitundar fanga, s.s. vegna geðshræringar eða vímuástands. Því beinir umboðsmaður þeim tilmælum til fangelsisins að tryggja fullnægjandi upplýsingagjöf, s.s. með því að leggja aukna áherslu á að fylgja skriflegum upplýsingum eftir með greinargóðri munnlegri upplýsingagjöf á hátt sem viðkomandi fangi skilur, eftir atvikum með aðstoð túlkþjónustu við innkomu eða í framhaldi af henni.
- Föngum var ekki veitt skrifleg staðfesting á beiðnum og erindum sem þeir lögðu fram á varðstofu auk þess sem dæmi voru um að erindum væri ekki svarað sérstaklega. Þá reyndist föngum erfitt að nálgast upplýsingar um stöðu mála sinna. Því beinir umboðsmaður því til fangelsisins að haga verklagi við skráningu og afgreiðslu erinda frá föngum þannig að það uppfylli kröfur skráðra og óskráðra reglna stjórnsluréttar um skráningu, skyldu til að svara skriflegum erindum og rétt aðila til að nálgast upplýsingar um stöðu mála sinna.

- Fangar voru ýmist ekki eða illa upplýstir um kvörtunarleiðir innan fangelsisins og báru almennt lítið traust til þeirra. Það lýsti sér m.a. í því að fangar efuðust um að fyllsta trúnaðar yrði gætt um efni kvartana og einnig að brugðist yrði við þeim. Þá töldu fangar það geta haft áhrif á vistun þeirra að kvarta og bentu á að kvörtunareyðublöð hefðu ekki verið aðgengileg nema skömmu fyrir heimsókn umboðsmanns. Dæmi voru um að kvörtunum fanga hefði ekki verið svarað sérstaklega eða þeim tilkynnt um niðurstöðu afgreiðslu þeirra. Þar sem verklag fangelsisins um kvartanir tekur aðeins til kvartana yfir framgöngu og háttsemi fangavarða og annarra starfsmanna fangelsisins í garð fanga beinir umboðsmaður því til Fangelsismálastofnunar og fangelsisins að útbúa verklag sem taki til allra kvartana og bæti úr framangreindum atriðum. Því er einnig beint til fangelsisins að láta af þeirri framkvæmd að skoða bréf fanga til ákveðinna aðila sem óheimilt er að skoða, s.s. til lögmanna og umboðsmanns Alþingis.
- Umboðsmaður beinir þeim tilmælum til fangelsisins að veita föngum viðeigandi leiðbeiningar um kæruleiðir og –fresti vegna líkamsleita, líkamsrannsóknna og klefaleita og gæta að viðhlítandi skráningu um hvernig viðkomandi var kynnt efni ákvarðananna og viðeigandi kæruleiðir.
- Við vinnslu skýrslunnar, í september 2023, tilkynnti dómsmálaráðherra áform um uppbyggingu nýs fangelsis að Litla-Hrauni og að undirbúningur væri þegar hafinn. Mun umboðsmaður fylgjast náið með því hvernig áætlunum um þessar framkvæmdir vindur fram. Hins vegar verður að hafa í huga að umræddar framkvæmdir, ef af þeim verður, munu taka nokkurn tíma. Taka tilmæli og ábendingar sem varða aðbúnað mið af stöðu mála á þeim tíma sem fangelsið var heim-sótt.



## 2 Undirbúningur og framkvæmd heimsóknar

Heimsókn umboðsmanns Alþingis í Fangelsið Litla-Hrauni fór fram dagana 28.-30. nóvember 2022. Um var að ræða heimsókn á grundvelli OPCAT-eftirlits, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Þetta var þriðja heimsókn umboðsmanns í fangelsið á grundvelli eftirlitsins<sup>1</sup> en í fyrsta sinn sem allir hlutar þess og starfsemi kom til skoðunar. Þá heimsótti umboðsmaður fangelsið<sup>2</sup> m.a. einnig árið 2013 á grundvelli frumkvæðisheimildar sinnar, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997.

Fyrir heimsóknina var óskað eftir ýmsum upplýsingum og gögnum um starfsemi fangelsisins, s.s. um valdbeitingu, líkamsleit og líkamsrannsókn og aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Í upphafi heimsóknar var rætt við stjórnendur og því næst gengið um fangelsið þar sem skoðaðar voru vistarverur fanga og vinnustaðir þeirra. Auk þess skoðuðu starfsmenn umboðsmanns aðstöðu stoðþjónustuaðila, líkamsræktaraðstöðu og verslun fangelsisins. Því næst áttu starfsmenn einkasamtöl við fanga, starfsmenn fangelsisins og heilbrigðisstarfsfólk.

Fangelsið Litla-Hrauni er stærsta og jafnframt fjölmennasta fangelsið hér á landi og vistuðust 80 fangar þar þegar heimsóknin fór fram, þar af 32 í gæsluvarðhaldi. Vegna umfangs heimsóknarinnar tóku fleiri starfsmenn umboðsmanns þátt í henni en vant er.

Nýlega tilkynnti dómsmálaráðherra um uppbyggingu nýs fangelsis að Litla-Hrauni og að undirbúningur að framkvæmdunum yrði strax hafinn.<sup>3</sup> Af því tilefni skal tekið fram að skýrsla umboðsmanns tekur mið af aðbúnaði í fangelsinu eins og hann var á þeim tíma sem það var heimsótt. Þá verður við mat á þeim tilmælum og ábendingum sem settar eru fram í skýrslunni að hafa í huga að umræddar framkvæmdir, ef af þeim verður, munu taka nokkurn tíma. Í samræmi við þetta kann í skýrslunni að vera nánar vikið að því hvort um sé að ræða svo aðkallandi atriði að úr þeim beri að bæta þegar í stað og þá án tillits til fyrirhugaðra framkvæmda.

Í skýrslunni er áhersla lögð á að setja fram rökstudd tilmæli og ábendingar. Í fyrri skýrslum umboðsmanns er hins vegar að finna ítarlega umfjöllun um ýmis

<sup>1</sup> Umboðsmaður hefur áður heimsótt öryggisdeild fangelsisins, sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni 28.-29. janúar 2021*. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10137/opcat-oryggisdeild-litla-hraun.pdf> [sótt á vef 29. nóvember 2023]. Þá heimsótti umboðsmaður fangelsið einnig 31. janúar 2022 í kjölfar frétttaflutnings um heimsóknarbann og takmarkanir í fangelsinu eftir að COVID-19 smit kom þar upp meðal fanga. Sjá frétt á vefsíðu umboðsmanns Alþingis: <https://www.umbodsmadur.is/frettir/nanar/9288/vettvangsheimsokn-a-litla-hraun> [sótt á vef 29. nóvember 2023].

<sup>2</sup> Sjá drög að skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Litla-Hrauni 3. maí 2013. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/Assets/Dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20sk%C3%BDrslu%20-%20Litla%20Hraun.pdf> [sótt á vef 29. nóvember 2023]

<sup>3</sup> Sjá nánari umfjöllun í kafla 4.1.

almenn atriði sem lúta að föngum, t.a.m. um inngrip í friðhelgi einkalífs þeirra, aðbúnað og heilbrigðisþjónustu. Er vísað til þeirrar umfjöllunar í skýrslunni eftir því sem við á.

Eftirfarandi starfsmenn tóku þátt í heimsókninni:

- Skúli Magnússon (umboðsmaður Alþingis).
- Björn Friðrik Brynjólfsson (sérfræðingur).
- Elísabet Ingólfssdóttir (lögfræðingur á sviði frumkvæðismála og OPCAT).
- Guðmundur Már Einarsson (lögfræðingur).
- Ivana Anna Nikolic (lögfræðingur).
- Nína Hjördís Þorkelsdóttir (sérfræðingur við OPCAT-eftirlit).
- Svava Gerður Ingimundardóttir (lögfræðingur á sviði frumkvæðismála og OPCAT).

## 3 Inngríp og valdbeiting

### 3.1 Valdbeitingartæki

Í heimsókn umboðsmanns sást að skápur fyrir varnartæki var ekki innsiglaður. Þá var ljóst að starfsmenn fangelsisins hafa aðgang að varnartækjum í skápnum, s.s. táragsi og kylfum, án þess að notkunin sé skráð eða yfirmanni vaktar tilkynnt um hana.

Umboðsmaður hefur áður beint tilmælum til dómsmálaráðuneytisins um að setja reglur um valdbeitingu fangavarða og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna eins og mælt er fyrir um í vopnalögum.<sup>4</sup> Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu er nú unnið að samningu slíkra reglna í samráði við Fangelsismálastofnun.<sup>5</sup>

*Þeim tilmælum er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni og Fangelsismálastofnunar að skýra það verklag sem viðhaft er við geymslu, notkun og skráningu valdbeitingartækja og vopna.*

*Þeim tilmælum er beint til dómsmálaráðherra að fylgja eftir áformum um að setja reglur um valdbeitingu fangavarða og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna, sbr. 1. mgr. 3. gr. vopnalaga nr. 16/1998.*

### 3.2 Vistun í öryggisklefa<sup>6</sup>

Vista má fanga í öryggisklefa ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir ofbeldi, hemja ofbeldisfullan mótþróa hans eða hindra að hann skaði sjálfan sig eða aðra.<sup>7</sup> Vistun í öryggisklefa á aldrei að vara lengur en samræmist tilgangi vistunar og beitingar annarra aðgerða.<sup>8</sup> Með tilliti til þess og almennra sjónarmiða um meðalhóf verður að líta svo á að endurmeta þurfi reglubundið hvort áframhaldandi vistun í öryggisklefa sé nauðsynleg og líta þá til ástands þess sem þar er vistaður. Í fullnustulögum er þó ekki kveðið á um reglulega endurskoðun á nauðsyn vistunar í öryggisklefa og ekki heldur mælt fyrir um hámarkstímalengd hennar. Í því sambandi athugast hins vegar að heimild fullnustulaga til vistunarinnar sækir fyrirmynd sína í dönsk og norsk

<sup>4</sup> Sbr. 1. mgr. 3. gr. vopnalaga nr. 16/1998. Sjá kafla 7.5 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019*, bls. 25. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023]. Sjá einnig kafla 6.7 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 33. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>5</sup> Með bréfi 4. apríl 2022 upplýsti dómsmálaráðuneytið umboðsmann um að vinna við gerð reglna um valdbeitingartæki í fangelsum stæði yfir og væri vel á veg komin í ráðuneytinu. Ekki verður séð að reglurnar hafi tekið gildi.

<sup>6</sup> Nánar er fjallað um skilyrði vistunar í öryggisklefa í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 23-24. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>7</sup> Sbr. 1. mgr. 76. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga.

<sup>8</sup> Sbr. 3. mgr. 76. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga.

fullnustulög. Samkvæmt framkvæmd á grundvelli þeirra skal tilkynna viðeigandi eftirlitsaðila um vistun í öryggisklefa ef hún varir lengur en í þrjá daga.<sup>9</sup> Hér er einnig rétt að nefna að samkvæmt evrópsku fangelsisreglunum skal forstöðumaður eða staðgengill hans heimsækja fanga, sem sætir aðskilnaði frá öðrum föngum, daglega. Þegar aðskilnaður hefur slæm áhrif á líkamlega eða andlega heilsu fanga skal fresta honum eða grípa til annarra minna íþyngjandi ráðstafana.<sup>10</sup>

Hafa ber í huga að skaðleg áhrif þeirrar einangrunar sem fylgir vistun í öryggisklefa aukast eftir því sem hún varir lengur.<sup>11</sup> Í ljósi þess má ætla að veigamikil rök standi til þess að virkt eftirlit sé með slíkum vistunum og þá sérstaklega þeim sem vara í lengri tíma. Samkvæmt upplýsingum frá dómismálaráðuneytinu hefur það almennt ekki eftirlit með tímalengd vistana í öryggisklefa, hvorki með því að kalla eftir upplýsingum um tímalengd vistana í þeim málum sem kærð hafa verið né að eigin frumkvæði. Þá sé það mat ráðuneytisins að það sé fyrst og fremst hlutverk Fangelsismálastofnunar, í samráði við forstöðumenn fangelsa, að gæta að því að vistun í öryggisklefa vari ekki lengur en nauðsyn krefur. Af fyrirliggjandi upplýsingum verður hvorki séð að nauðsyn vistunar í öryggisklefa sé endurskoðuð með kerfisbundnum hætti af hálfu Fangelsismálastofnunar né með þeim daglegu heimsóknum forstöðumanns fangelsis eða staðgengils hans sem áskildar eru í evrópsku fangelsisreglunum.<sup>12</sup>

Fangar sem vistast í öryggisklefa eru almennt aðskildir frá öðrum föngum á meðan vistun þeirra stendur. Sú einangrun sem felst í því er verulega íþyngjandi inngríp sem kann að hafa skaðleg áhrif á þann sem henni sætir. Þessi áhrif endurspeglast t.d. í aukinni sjálfsvígstíðni meðal þeirra fanga sem sæta inngrípum sem fela í sér einangrun. Þá er einangrun til þess fallin að vera sérstaklega íþyngjandi þeim sem glíma við geðræn vandamál.<sup>13</sup> Í ljósi þessa er í lögum og fjölþjóðlegum viðmiðum

<sup>9</sup> Sjá athugasemdir við 76. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, 145. löggi.þ. 2015-2016, þskj. 399. Vefútgáfa Alþingistiðinda: <https://www.althingi.is/altext/145/s/0399.html> [sótt á vef 30. nóvember 2023]. Í Danmörku ber umdæmisskrifstofu fangelsismála (kriminalforsorgsráðet) að tilkynna ákvörðun um að vista fanga lengur en í þrjá daga í öryggisklefa til stofnunar sem heyrir undir dómismálaráðuneytið og fer með stjórn fangelsismála (Direktoratet for Kriminalforsorgen). Í Noregi skal tilkynna umdæmisskrifstofu fangelsismála um vistun sem varir umfram þrjá daga. Vistun sem varir umfram sex daga skal tilkynna stofnun sem fer með faglega stjórn og stjórnýslu fangelsismála (Kriminalomsorgsdirektoratet). Sjá í þessu sambandi 66. gr. dönsku laganna um fullnustu refsinga, Lov om fuldbyrdelse af straf m.v.: <https://danskelove.dk/straffuldbyrdelesesloven>, og 3. mgr. 15. gr. Bekendtgørelse nr. 175/2022 om anvendelse af sikringsmidler i kriminalforsorgens institutioner: <https://www.retsinformation.dk/eli/ta/2022/175>. Sjá einnig 38 gr. norsku fullnustulaganna, Lov om gjennomføring av straff mv: <https://lovdata.no/d?okument/NL/lov/2001-05-18-21>.

<sup>10</sup> Sbr. h- og i-liði 53A gr. evrópsku fangelsisreglnanna.

<sup>11</sup> Sjá einnig *Solitary confinement of prisoners. Extract from the 21st General Report of the CPT, published in 2011, CPT/Inf(2011)28-part2*, málsgr. 53. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cccc6> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>12</sup> Í athugasemdum Fangelsisins Litla-Hrauni við drög að skýrslunni 3. nóvember sl. er tekið fram að þrátt fyrir að í lögum sé ekki kveðið á um reglulega endurskoðun á nauðsyn vistunar í öryggisklefa og gögnin beri ekki með sér að það sé gert þá sé það skýrt af hálfu yfirstjórnar fangelsanna að slík vistun skuli ekki vara lengur en nauðsyn krefur og að á hverjum degi sem einhver vistist í öryggisklefa sé tekin umræða um nauðsyn áframhaldandi vistunar. Í verklagsreglum Fangelsismálastofnunar um vistun í öryggisklefa sé sérstaklega tekið fram að forstöðumaður meti með reglubundnum hætti, í samráði við heilbrigðisstarfsmann, hvort nauðsynlegt sé að vista fanga áfram í öryggisklefa. Það fari svo eftir atvikum og aðstæðum hverja sé haft samráð við, en yfirleitt sé um að ræða forstöðumann eða staðgengil hans, varðstjóra og starfsmann meðferðarsviðs eða geðheilsu-teymis og jafnvel lækni eða hjúkrunarfræðing.

<sup>13</sup> Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 22-23. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheiði-skyrsla.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023]. Sjá einnig *Solitary confinement of prisoners. Extract from the 21st General Report of the CPT, published in 2011, CPT/Inf(2011)28-part2*, málsgr. 53. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cccc6> [sótt á vef 30. nóvember 2023]. Sjá einnig dóm Mannréttindadómstóls Evrópu, MDE, *Keenan gegn Bretlandi*, 3. apríl 2001, mál nr. 27229/95, málsgr. 111 og skýrslu umboðs norska þjóðþingsins: *Bredtveit fengsel og forvaringsanstalt og Ullersmo fengsel, avdeling Zulu øst, 13.-16. mars 2023*, bls. 23. Birt á vefslóð: <https://www.sivil-mbudet.no/wp-content/uploads/2023/06/Besoksrapport-2023-Bredtveit-fengsel-og-forvaringsanstalt-og-Ullersmo-fengsel-avdeling-Zulu-ost.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

kveðið á um tilteknar öryggisráðstafanir við beitingu einangrunar, s.s. um eftirlit heilbrigðisstarfsfólks. Kalla skal til lækni til að skoða fanga þegar fangi er settur í öryggisklefa og ef unnt er skal lækni skoða fangann daglega.<sup>14</sup> Samkvæmt evrópsku fangelsisreglunum felst aðkoma lækna í því að meta hvort heilsa fanga þoli einangrun áður en ákvörðun um vistun í öryggisklefa er tekin, hafa eftirlit með heilsu fanga á meðan einangrun stendur og tilkynna forstöðumanni um það ef heilsu hans er alvarlega ógnað.<sup>15</sup> Af gögnum sem umboðsmanni bárust í tilefni heimsóknarinnar verður ráðið að heilbrigðisstarfsfólki sé almennt tilkynnt um vistun í öryggisklefa á Litla-Hrauni. Hins vegar sé lækni almennt ekki kallaður til við upphaf hennar heldur skoði sá lækni sem sinnir almennt heilbrigðisþjónustu í fangelsinu hlutaðeigandi þegar kostur er á. Á þeim tímapunkti er vistun í öryggisklefa hins vegar oft lokið. Fangar eru því í mörgum tilvikum hvorki skoðaðir af lækni við upphaf vistunar í öryggisklefa né meðan á vistun stendur. Þessi framkvæmd er almennt til þess fallin að auka líkur á ómannlegri og vanvirðandi meðferð, sérstaklega ef fangi glímir við geðræn vanda-mál.<sup>16</sup>

*Þeim tilmælum er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að:*

- *endurmeta reglulega, a.m.k. daglega, hvort áframhaldandi vistun í öryggisklefa sé nauðsynleg og sjá til þess að sú framkvæmd sé skráð með fullnægjandi hætti.*
- *kalla ávallt til lækni við upphaf vistunar fanga í öryggisklefa og einnig að leitast við að fá lækni til að meta andlegt og líkamlegt ástand fanga meðan á vistun stendur, einkum í þeim tilvikum þegar fangi glímir við andleg veikindi.*

*Þeirri ábendingu er komið á framfæri við dómsmálaráðherra að taka til skoðunar hvort ástæða sé til þess að hafa frumkvæði að því að vistun fanga í öryggisklefa verði búin ítarlegri umgjörð í lögum eða fyrirmælum á grundvelli þeirra. Er þá einkum haft í huga hvornig endurmati á nauðsyn vistunar er háttáð, aðkomu heilbrigðisstarfsfólks að slíkum vistunum og eftirliti með þeim almennt.*

### 3.3

#### Öryggisdeild

Í skýrslu vegna heimsóknar á öryggisdeild fangelsisins í janúar 2021 gerði umboðsmaður athugasemdir við lagaumgjörð vistunar á deildinni.<sup>17</sup> Dómsmálaráðuneytið hefur upplýst umboðsmann um að áformað sé að taka umgjörðina til skoðunar við

<sup>14</sup> Sbr. 77. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga.

<sup>15</sup> Sjá *Guidance document on the European Prison Rules*, bls. 129. Birt á vefslóð: <https://edoc.coe.int/en/european-prison-reform/11595-guidance-document-on-the-european-prison-rules.html> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>16</sup> Sjá til hliðsjónar álit umboðsmanns frá 27. nóvember 2001 í máli nr. 2805/1999. Sjá einnig dóm Mannréttinda-dómstóls Evrópu, MDE, *Keenan gegn Bretlandi*, 3. apríl 2001, mál nr. 27229/95, málsgr. 111 og skýrslu umboðs norska þjóðþingsins: *Bredtveit fengsel og forvaringsanstalt og Ullersmo fengsel, avdeling Zulu øst, 13.-16. mars 2023*, bls. 23. Birt á vefslóð: <https://www.sivilombudet.no/wp-content/uploads/2023/06/Besoksrapport-2023-Bredtveit-fengsel-og-forvaringsanstalt-og-Ullersmo-fengsel-avdeling-Zulu-ost.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>17</sup> Sjá ábendingu umboðsmanns til dómsmálaráðherra um að kanna hvort ástæða sé til að hafa frumkvæði að því að vistun fanga á öryggisdeild verði búin ítarlegri umgjörð í lögum, sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni 28.-29. janúar 2021*, bls. 12-15. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10137/opcat-oryggisdeild-litla-hraun.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

endurskoðun laga um fullnustu refsinga.<sup>18</sup> Í ljósi svara ráðuneytisins mun umboðsmaður áfram fylgjast með framvindu mála að þessu leyti.

*Þeirri ábendingu er komið á framfæri við dómsmálaráðherra að fylgja eftir áformum um að taka lagaumgjörð vistunar fanga á öryggisdeild til endurskoðunar.*

### 3.4

#### Leit í klefa<sup>19</sup>

Umboðsmanni bárust tíu skýrslur um leit í klefa en engar formlegar ákvarðanir forstöðumanns um þær. Samkvæmt lögum um fullnustu refsinga skal þó bóka slíkar ákvarðanir og rökstyðja.<sup>20</sup> Þá báru skýrslurnar ekki með sér að forstöðumaður hefði sjálfur tekið ákvarðanir um leitirnar. Í sex af tíu tilvikum bauðst fanga ekki að vera viðstaddur leit, í þremur bauðst viðkomandi að vera viðstaddur en í einu tilviki var ekkert skráð um þetta atriði. Í öllum skýrslunum var ástæða leitarinnar tilgreind en í viðtölum við fanga kom fram að þeim væri almennt ekki skýrt frá ástæðu leitar sem er í andstöðu við þá meginreglu að fanga skuli skýrt frá ástæðum fyrir leit í klefa nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

*Með vísan til framangreinds er þeim **tilmælum** beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að taka verklag við leit í klefa til endurskoðunar þannig að það samræmist 69. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga. Verði þar sérstaklega haft í huga að:*

- forstöðumaður taki ákvörðun um leit í klefa, bóki um hana og rökstyðji.
- ákvörðun um takmörkun á viðveru fanga meðan á leit stendur sé tekin af forstöðumanni og bókunin beri það með sér.
- fanga sé að meginreglu kynnt ástæða leitar í klefa hans.

### 3.5

#### Líkamsleit<sup>21</sup>

Líkamsleitir í Fangelsinu Litla-Hrauni eru ýmist framkvæmdar á grundvelli gruns um að fangi hafi í vörslum sínum muni eða efni sem refsivert eða óheimilt er að hafa eða á kerfisbundinn hátt eftir heimsóknir til fanga og þegar fangar koma til baka í fangelsið eftir dvöl utan þess, s.s. eftir að hafa mætt í dóm eða farið til læknis. Ákvörðun um almenna leit við komu í fangelsi grundvallast á því markmiði að koma í

<sup>18</sup> Sjá svar dómsmálaráðuneytisins frá 27. apríl 2022 við *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni 28.-29. janúar 2021*. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10208/opcat-oryggisgangur-dmr.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>19</sup> Um heimildir til leitar í fangaklefum visast til kafla 6.5.2 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 29-30. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023]. Sjá einnig kafla 4.3 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Kviabryggju 22.-23. mars 2022*, bls. 13-14. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua\\_opcat\\_kviabryggja.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua_opcat_kviabryggja.pdf) [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>20</sup> Sbr. 4. mgr. 69. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga.

<sup>21</sup> Íþyngjandi ákvörðun á borð við líkamsleit skal ávallt styðjast við nauðsyn og meðalhóf, bæði að því er varðar þörf á leit og framkvæmd hennar. Sjá almenna umfjöllun um líkamsleit í kafla 6.5.2 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 27-29. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023]. Sjá einnig kafla 7.4 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019*, bls. 21-22. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].



veg fyrir smygl á vímuefnum í fangelsið og munum sem ekki eru leyfðir innan þess.<sup>22</sup> Þótt ákvörðun um að leita kerfisbundið á fögum geti byggst á málefnalegum sjónarmiðum og fallið innan þeirra marka sem lög og aðrar grundvallarreglur setja framkvæmdinni vekur umboðsmaður athygli á að nauðsynlegt er, með reglulegu millibili, að endurmeta þær aðstæður og atvik sem slík almenn framkvæmd er byggð á og kanna hvort tilefni sé til breytinga á henni.<sup>23</sup>

Í heimsókn umboðsmanns kom fram að leitast væri við að framkvæma líkamsleit án snertingar. Þannig væri fanga almennt gert að afklæðast að fullu, beygja sig og hósta. Líkamsleitir fari ávallt fram með sama hætti án þess að sérstakt mat sé lagt á hvort ganga megi skemur í einhverjum tilvikum, s.s. með líkamsleit í tveimur skrefum.<sup>24</sup> Eins og umboðsmaður hefur áður bent á getur svo almenn framkvæmd falið í sér hættu á vanvirðandi meðferð.<sup>25</sup>

Í viðtölum við fanga kom fram að þeim þætti líkamsleit þungbær og gerðu þeir athugasemdir við að ekki væri lagt einstaklingsbundið mat á nauðsyn slíkra leita, svo sem með tilliti til afbrotasögu eða neysluvanda.

*Þeim tilmælum er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að gæta þess að framkvæmd við líkamsleit geri ráð fyrir svigrúmi til einstaklingsbundins mats á því hvort beita megi vægari úrræðum við leitina. Ef unnt er, ætti að haga líkamsleit með þeim hætti að hún fari fram í áföngum þannig að leitarþoli sé ekki berháttadur meðan á leit stendur.*

*Þeirri ábendingu er jafnframt komið á framfæri við Fangelsið Litla-Hrauni að þess sé gætt að nauðsyn til kerfisbundinna líkamsleita í fangelsinu sé reglulega endurskoðuð.*

### 3.6

#### Líkamsrannsókn

Í viðtölum við fanga kom fram að við þvagsýnatökur í fangelsinu væri þeim ávallt gert að afklæðast að fullu, en byðist þó að klæðast sloppi á meðan sýnatakan fer fram. Slopparnir sem notast væri við væru hins vegar orðnir snjáðir eftir langa notkun. Það var almennt upplifun fanga að framkvæmdin væri niðurlægjandi og tæki ekki mið af einstaklingsbundnum þáttum. Þannig væri ekki lagt mat á það hvort í sumum tilvikum mætti ganga skemur en að láta fanga afklæðast að fullu.

Í heimsókninni kom fram að talið væri nauðsynlegt að láta alla fanga afklæðast og gefa þvag undir eftirliti fangavarða til að hindra möguleika fanga á að smeygja einhverju í þvagsýni í þeim tilgangi að menga það. Dæmi væru um að slíkt hefði tekist, jafnvel undir eftirliti fangavarðar. Í þessu samhengi þarf hins vegar að hafa í huga að af grundvallarreglunni um friðhelgi einkalífs og meginreglu stjórnisýsluréttar um meðalhóf leiðir að ávallt þarf að leggja mat á nauðsyn inngripa af þessu tagi og gæta þess að framkvæmd þeirra sé ekki meira íþyngjandi en þörf er á.<sup>26</sup>

<sup>22</sup> Sbr. 1. mgr. 70. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga.

<sup>23</sup> Sbr. til hliðsjónar álit umboðsmanns frá 27. nóvember 2001 í máli nr. 2805/1999.

<sup>24</sup> Umboðsmaður hefur lagt til grundvallar að leitast beri við að haga framkvæmd þannig að líkamsleit fari fram í tveimur skrefum, þ.e. fyrst með leit á efri hluta líkama og svo á neðri hluta, eða öfugt. Sjá kafla 6.7 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 33. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sött á vef 30. nóvember 2023].

<sup>25</sup> Sjá kafla 6.5.2 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 28. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sött á vef 30. nóvember 2023].

<sup>26</sup> Sjá einkum í þessu sambandi 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Sjá einnig kafla 7.4. í *Skýrslu*

Í tveimur af þeim fimm skýrslum um röntgenrannsóknir sem umboðsmaður fékk afrit af var ekki tilgreint hvert tilefni líkamsrannsóknar var og engar rökstuddar bókanir fylgdu skýrslum um þær, eins og þó er áskilið í lögum.<sup>27</sup> Af því verður ekki annað séð en að ákvarðanataka og skráning vegna röntgenrannsókna sé ekki fullnægjandi af hálfu fangelsisins.

Þeim *tilmælum* er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að:

- endurskoða verklag við þvagsýnatöku þannig að gert sé ráð fyrir því að fram fari einstaklingsbundið mat á nauðsyn þess að fangi berhátti sig.
- tryggja að ákvörðun um líkamsrannsókn fari fram í samræmi við kröfur 71. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, þannig að ákvörðun sé tekin með rökstuddri bókun forstöðumanns og gætt sé að skráningu tilefnis rannsóknarinnar.

### 3.7

#### Aðgengi að síma<sup>28</sup>

Fangar geta notað síma sem eru á deild þeirra en geta einnig fengið afnot að þráðlausum síma hjá varðstofu sem nota má í einrúmi inni í tilteknum herbergjum deildanna. Af viðtölum við fanga mátti hins vegar ráða að margir þeirra vissu ekki af þessum möguleika.

Þeim *tilmælum* er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að tryggja að fangar séu upplýstir um að þeim standi til boða að nýta tiltekin herbergi á deildunum til að eiga samskipti símleiðis án þess að aðrir heyrir til, s.s. við lögmenn, fulltrúa trúfélaga eða lifsskoðunarfélaga sem þeir tilheyra, opinberar stofnanir eða umboðsmann Alþingis, og einnig til að sinna viðkvæmum persónulegum erindum, s.s. bankaviðskiptum.

<sup>27</sup> umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019, bls. 22-23. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023]. Sjá einnig til hliðsjónar kafla 6.5.2 í Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020, bls. 28. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023] og álit umboðsmanns frá 27. nóvember 2001 í máli nr. 2805/1999.

<sup>28</sup> Sbr. 3. og 4. mgr. 71. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga. Sjá umfjöllun um að ekki sé heimilt að hlusta á samtöl fanga eða lesa bréfaskipti m.a. við lögmenn, stjórnvöld og umboðsmann Alþingis í Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020, bls. 24. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].



## 4 Aðbúnaður

### 4.1

#### Almennt<sup>29</sup>

Í heimsókn umboðsmanns vakti það athygli í hve mikilli niðurníðslu sumir hlutar fangelsisins eru. Almennar vistarverur fanga inni á deildum eru t.d. sums staðar í slæmu ástandi. Sem dæmi eru gluggar farnir að láta á sjá, ummerki eru um leka í lofti og loftplötur lita illa út. Málning er víða farin að flagna af hurðum og veggjum, bæði innandyra og utan. Þá er hluti þess húsnæðis sem hýsir vinnuástöðu fanga í afleitu ástandi. Verður að miða við að mikil þörf sé á almennu viðhaldi í fangelsinu svo tryggja megi heilnæman aðbúnað.<sup>30</sup>

#### Mynd 1

Ummerki um leka í loftplötum



<sup>29</sup> Umfjöllun um athuganir umboðsmanns á aðbúnaði við OPCAT-eftirlit og viðmið við mat á því hvort hann teljist fullnægjandi er að finna í kafla 7.1 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 35-36. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>30</sup> Sjá einnig *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á Öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni 28.-29. janúar 2021*, bls. 17. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10137/opcat-oryggisdeild-litla-hraun.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023]. Sjá hér 18.1 gr. evrópsku fangelsisreglnanna þar sem segir m.a. að húsnæði fyrir fanga, einkum svefnaðstaða, skuli endurspeglar mannvirðingu og uppfylla kröfur um heilnæmi og hreinlæti.

Um nokkurt skeið hafa staðið til endurbætur á húsnæði fangelsisins sem áttu m.a. að felast í aukinni uppskiptingu rýma til að hindra dreifingu vímuefna, bættri aðstöðu til heimsókna og fyrir fangaverði og uppbyggingu meðferðarkjarna fyrir stoð- og heilbrigðisþjónustu. Þá var einnig gert ráð fyrir bættri aðstöðu fanga til náms og ástundun íþróttar.<sup>31</sup> Þessar endurbætur hafa ekki komið til framkvæmda að undanskilinni bráðabirgðaaðstöðu fyrir heilbrigðisstarfsfólk og heimsóknaraðstöðu fyrir fjölskyldur. Það vakti athygli að þótt aðbúnaður í almennum vistarverum fanga þarfnist sjáanlega bráðra endurbóta og viðhalds var í framangreindum áformum aðeins gert ráð fyrir minni háttar endurbótum þar, s.s. að koma upp símaherbergjum inni á deildum. Eftir að heimsókn umboðsmanns fór fram fengust hins vegar þær upplýsingar frá Framkvæmdasýslu ríkisins að við undirbúning tédra framkvæmda hefði komið í ljós að ástand bygginga fangelsisins væri verra en gert hafði verið ráð fyrir. Þá upplýsti fangelsið í athugasemdum sínum við drög að skýrslunni að ákveðið hefði verið að fara í framkvæmdir á þeim stöðum sem þörf væri talin á samkvæmt úttektum sem gerðar hefðu verið og í samræmi við kröfur bæði Vinnu- og heilbrigðiseftirlits.<sup>32</sup>

**Mynd 2–3**

Símaaðstaða fanga



<sup>31</sup> Sjá m.a. frétt á vefsíðu Stjórnarráðsins 17. september 2021: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/09/17/Endurbaetur-og-uppbygging-a-Litla-Hrauni-hafin/> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>32</sup> Í athugasemdunum kom einnig fram að reistar hafi verið færarlegar íbúðareiningar þar sem búið sé að útbúa nýja heimsóknaraðstöðu, aðstöðu fyrir sérfræðinga Fangelsismálastofnunar, geðheilsuteymi fangelsanna og heilbrigðisstarfsfólk. Um sé að ræða talsvert bættu aðstöðu fyrir alla þessa aðila.

**Mynd 4-5**

Skemmd í hlera á gangi



Veggur húsnæðis sem hýsir hluta vinnuádstöðunnar



Nýlega tilkynnti dómsmálaráðherra um uppbyggingu nýs fangelsis að Litla-Hrauni. Fram kom að eftir ítarlega skoðun á aðstöðunni þar hefði niðurstaðan orðið að nauðsynlegt væri að ráðast í byggingu nýs fangelsis. Það ætti að koma í stað aðstöðunnar sem nú væri á Litla-Hrauni. Undirbúningur að framkvæmdunum yrði strax hafinn.<sup>33</sup>

Í ljósi alls framangreinds mun umboðsmaður fylgjast náið með því hvernig áætlunum um framkvæmdir við byggingu nýs fangelsis að Litla-Hrauni vindur fram. Eðli málsins samkvæmt taka slíkar viðamiklar framkvæmdir nokkurn tíma. Í millitíðinni er áhersla lögð á að fram fari nauðsynlegt viðhald svo tryggt sé að fangar búi við heilnæman og mannsæmandi aðbúnað.

*Þeim tilmælum er beint til dómsmálaráðherra, Fangelsismálastofnunar og Fangelsisins Litla-Hrauni að huga þegar í stað að lágmarksviðhaldi á húsnæði fangelsisins og fylgja áformum um endurbætur eftir til að tryggja heilnæman og mannsæmandi aðbúnað fanga þar til nýtt fangelsi verður tekið í notkun að Litla-Hrauni.*

**4.2****Loftgæði<sup>34</sup>**

Í viðtölum við fanga kom fram að loftgæði væru ekki góð á deildum fangelsisins. Það mætti m.a. rekja til þess að loftræsting í fangelsinu væri léleg og að reykingar væru leyfðar inni á klefum svo reykur bærisk í aðra klefa og í sameiginleg rými. Erfitt væri

<sup>33</sup> Sjá frétt á vefsíðu RÚV 25. september 2023; <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-09-25-nytt-fangelsi-reist-i-stad-litla-hrauns-392402> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>34</sup> Sjá umfjöllun um kröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2012 um loftgæði í nmgr. 69 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019*, bls. 25. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

að lofta út þar sem ekki væri hægt að opna glugga í herbergjum nema að litlu leyti og grindur væru í þeim gluggum sem hægt væri að opna.

**Mynd 6**

Grind fyrir glugga



*Þeim tilmælum er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að tryggja fullnægjandi loftgæði, t.d. með því að huga að viðhaldi á loftræstikerfi og haga umgjörð glugga þannig að unnt sé að koma á fullnægjandi loftflæði inni á klefum og á deildum.*

*Þeirri ábendingu er komið á framfæri við Fangelsið Litla-Hrauni að taka til skoðunar hvort unnt sé að vista fanga sem það vilja á reyklausum gangi.*

**4.3**

**Öryggisdeild**

Umboðsmaður heimsótti öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni í janúar 2021. Í skýrslu vegna heimsóknarinnar var því komið á framfæri að við þær endurbætur sem væru fyrirhugaðar yrði almennt að huga að öryggi og vistlegum aðbúnaði sem væri til þess fallinn að endurspeglar markmið laga um betrun fanga. Þá var bent á að sérstök þörf væri á endurbótum á öryggisdeildinni.<sup>35</sup> Í viðbrögðum fangelsisins við skýrslunni kom fram að tekið væri undir athugasemdir við aðbúnað á öryggisdeildinni, sérstaklega um að gera hana vistlegri og auka möguleika á virkni. Fyrirhugað væri að fara í

<sup>35</sup> Í umfjöllun umboðsmanns um öryggisdeildina kom fram að virkni væri litil, ekki væri boðið upp á afþreyingu og fangar dveldu margir langtímum saman inni á klefa sem helgaðist m.a. af öryggisástæðum. Einnig væri útisvæðið hrörlegt, m.a. þar sem málning væri farin að flagna af veggjum. Í því sambandi var bent á að mikilvægt sé að finna jafnvægi milli öryggis- og betrunarsjónarmiða. Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni 28.-29. janúar 2021*, bls. 25. Birt á vefslóð <https://www.umbodsmadur.is/asset/10137/opcat-oryggisdeild-litla-hraun.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].



umfangsmiklar breytingar á fangelsinu á næstu árum og þá yrði tækifæri til þess að gera þessa hluti vel.<sup>36</sup>

Við heimsóknina nú varð ekki séð að úrbætur á aðbúnaði hefðu verið gerðar frá því að skýrslan kom út í nóvember 2021 að undanskildu þrekhljóli í sameiginlegu rými og upphíftingurstöng á útisvæði sem sett voru upp skömmu fyrir heimsóknina. Hér verður að hafa í huga að margs konar úrbætur til að gera vistarverurnar vistlegri er unnt að gera án mikillar fyrirhafnar eða tilkostnaðar, t.d. á útisvæði. Í athugasemdum fangelsisins við drög að skýrslunni er upplýst að til standi að ráðast í endurbætur á húsnæði öryggisdeildarinnar.

**Mynd 7-8**

Útisvæði við öryggisdeild



<sup>36</sup>

Sjá svör Fangelsisins Litla-Hrauni og Fangelsismálastofnunar við Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni 28.-29. janúar 2021, bls. 2. Birt á vefslóð <https://www.umbodsmadur.is/asset/10207/opcat-oryggisgangur-litla-hraun.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].



*Þeim tilmælum er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni, Fangelsismálastofnunar og dómsmálaráðherra að ráðast án tafar í nauðsynlegar endurbætur og viðhald á öryggisdeild, s.s. á útisvæði og í sameiginlegum rýmum.*

#### 4.4

##### **Sameiginleg hreinlætisaðstaða<sup>37</sup>**

Í viðtölum við fanga kom fram að óþrifalegt væri í sameiginlegri sturtu- og salernisaðstöðu deilda. Þrifum, sem væru í höndum fanga sem sinnti starfi deildarformanns, væri ekki alltaf sinnt.

Í sumum klefum fangelsisins eru einnig salerni. Fangar kvörtuðu yfir því að slæm lykt bærst frá salernunum á herbergjum og því kysu þeir fremur að nota sameiginlega salernisaðstöðu á viðkomandi deild. Eftir að búið væri að læsa klefum á nóttunni byðist þeim hins vegar ekki að nota þá aðstöðu.

<sup>37</sup>

Þar sem lagagrundvöllur um aðbúnað í fangelsum er rýr hér á landi hefur verið horft til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu og almennra viðmiða nefndar Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum (CPT-nefndarinnar). Við mat dómstólsins á aðbúnaði hefur verið tekið mið af heildaraðstæðum, m.a. stærð klefa, þrifnaði og hreinlæti. Sjá kafla 7.1 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 35. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

**Mynd 9-10**

Salerni inni á klefa

Sameiginleg sturtuaðstaða



Þeim **ábendingum** er komið á framfæri við Fangelsið Litla-Hrauni að:

- leggja mat á hvort nægjanlegt eftirlit sé haft með því að þrif séu fullnægjandi.
- leita leiða til að fangar geti notað salerni, einnig að nóttu til, án þess að þurfa að búa og sofa við slæma lýkt.

**4.5****Barnakot<sup>38</sup>**

Barnakot er aðstaða sem ætluð er fyrir samveru fanga og barna þeirra. Aðstaðan, sem er í litlum gámi fyrir utan fangelsið, er sæmileg að innan en þó með þeim takmörkunum að rýmið er lítið og þar getur verið þröngt um gesti í heimsóknum. Þá er gámurinn farinn að láta á sjá að utan þar sem járn er farið að ryðga. Á útisvæði við Barnakot er leiksvæði fyrir börn með fótboltamörkum, rólum, sandkassa og leiktækjum. Í heimsókninni kom fram að til staði að bæta þessa aðstöðu með því að koma upp nýjum gámi. Skömmu fyrir útgáfu skýrslunnar fengust þær upplýsingar hjá stjórnendum fangelsisins að nú séu hafnar framkvæmdir við að reisa tvær gámaeiningar í þessu augnamiði. Þær séu hvor um sig 25 fermetrar og tryggð verði vistleg umgjörð þeirra.

38

Í 1. mgr. 48. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, segir að forstöðumanni beri að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið með í heimsóknir og að þeim sé sýnd nærgætni. Í lögskýringargögnum að baki ákvæðinu segir jafnframt að börn séu sérstaklega viðkvæmur hópur sem þarfnist ríkrar verndar og að leggja beri áherslu á að börnum sem koma í heimsókn í fangelsi verði sýnd sérstök nærgætni. Sjá athugasemdir við 45.–48. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, 145. löggj.þ. 2015–2016, þskj. 399. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/alttext/145/s/0399.html> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

**Mynd 11**

## Barnakot



Í Barnakoti hefur verið meira frjálstræði en í almennu heimsóknarrými fangelsisins. Sem dæmi geta heimsóknargestir komið með eigin veitingar, börn mega koma með leikföng sín og þurfa ekki að fara í gegnum öryggisleitarhlið við komu í fangelsið. Því hefur Barnakot almennt afslappaðra yfirbragð en almenn heimsóknaraðstaða í fangelsinu.

Heimsóknaraðstaðan er ekki fullnýtt þar sem opnunartími í Barnakoti er aðeins frá klukkan 13:00–15:30 á virkum dögum og þar er lokað um helgar. Þessi opnunartími getur gert fjölskyldum fanga erfitt um vik að nýta aðstöðuna, t.d. vegna skólastarfs og vinnu.<sup>39</sup>

*Með vísan til ofangreindrar umfjöllunar er þeim **tilmælum** beint til Fangelsismálastofnunar og Fangelsisins Litla-Hrauni að:*

- *tryggja viðunandi opnunartíma Barnakots, eða sambærilegrar aðstöðu fyrir fjölskyldur fanga þannig að tekið sé tillit til starfsemi leik- og grunnskóla eftir því sem kostur er.*

*Þá er þeirri **ábendingu** komið á framfæri að tryggja að umgjörð heimsóknaraðstöðu sem börn koma í sé þannig að þeim sé sýnd nærgætni. Liður í því er að umhverfið sé vistlegt.*

<sup>39</sup>

Sjá til hliðsjónar, Umboðsmaður barna: *Börn fanga. Hin þöglu fórnarlömb fangelsunar*, bls. 16. Birt á vefslóð: <https://www.barn.is/media/skyrslur/UB-Born-fanga-skyrsla-3okt22-loka.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023]. Í skýrslunni er m.a. vísað til tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins til aðildarríkja um börn sem eiga foreldra í fangelsi þar sem fram kemur að skipuleggja skuli heimsóknir með þeim hætti að þær trufli ekki aðra þætti í lífi barns, eins og mætingu í skóla.



## 4.6

**Fjárhagslegur aðbúnaður<sup>40</sup>**

Fangelsismálastofnun hefur ekki birt forsendur fæðisfjár til samræmis við tilmæli umboðsmanns til stofnunarinnar í skýrslu vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni.<sup>41</sup> Samkvæmt upplýsingum sem umboðsmanni bárust frá stofnuninni styðst ákvörðun um fjárhæð fæðisfjár við reiknilíkan sem tekur mið af neysluviðmiðum.<sup>42</sup> Stærstur hluti fanga í fangelsinu sér um kaup á eigin mat og í viðtölum við fanga kom fram að fæðisfé dygði ekki til kaupa á matvælum.

Í umfjöllun umboðsmanns í drögum að skýrslu vegna heimsóknar í Fangelsið Litla-Hrauni frá árinu 2013 kom fram að við ákvörðun fæðisfjár gæti þurft að taka sérstaklega mið af aðstæðum fanga fremur en að miða eingöngu við neysluviðmið. Í því sambandi kynni að koma til álita að taka mið af verðlagi neysluvara sem fæðisfé væri ætlað að mæta. Þegar heimsókn umboðsmanns fór fram árið 2013 var fæðisfé fanga 1.300 krónur á dag en í nóvember 2022 var það 1.500 krónur. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum fangelsisins hækkaði fæðisfé í 1.600 krónur í byrjun árs 2023 og var hækkað afturvirkir í 1.700 krónur frá 1. september sama ár.<sup>43</sup> Sé stuðst við verðlagsreiknivél Hagstofunnar ætti upphæð fæðisfjár sem var 1.300 krónur árið 2013 að vera rúmlega 1.900 krónur árið 2023.<sup>44</sup>

Í viðtölum við fanga kom jafnframt fram að þóknarir fyrir vinnu og nám og dagpeningar væru lágir, hækkuðu ekki til samræmis við verðlag og dygðu því í mörgum tilvikum ekki fyrir helstu nauðsynjum. Það sama kom fram í heimsókn umboðsmanns í Fangelsið Kviabryggju á síðasta ári og beindi umboðsmaður af því tilefni ábendingu til dómsmálaráðherra þess efnis að taka til skoðunar og meta hvort tilefni væri til að endurskoða greiðslur til fanga með hliðsjón af tillögum stýrihóps um málefni fanga.<sup>45</sup>

*Þeim tilmælum er beint til [Fangelsismálastofnunar](#) að birta upplýsingar um fæðisfé fanga og forsendur sem þar búa að baki eða gera þær aðgengilegar með öðrum formlegum hætti.*

<sup>40</sup> Sjá umfjöllun um greiðslur til fanga vegna vinnu og náms, dagpeninga og fæðisfé í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Kviabryggju 22.-23. mars 2022*, bls. 22-23. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua\\_opcat\\_kviabryggja.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua_opcat_kviabryggja.pdf) [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>41</sup> Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019*, bls. 34. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>42</sup> Neysluviðmið velferðarráðuneytisins hafa ekki verið uppfærð frá árinu 2019 þar sem nú stendur yfir endurskoðun á aðferðarfræði sem lögð var til grundvallar við útreikning viðmiðanna hér á landi, m.a. vegna annmarka á þeim aðferðum sem notaðar voru. Sjá nánar á heimasíðu félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, [https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/neysluvidmid/](https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/neysluvidmid/reiknivél-fyrir-neysluvidmid/) [sótt á vef 30. nóvember 2023] og <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/neysluvidmid/> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>43</sup> Sjá til hliðsjónar frétt á vefsíðu RÚV 14. september 2023: <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-09-14-pall-winkel-synir-fongum-i-verkfalli-skilning-391689> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>44</sup> Sjá drög að skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Litla-Hrauni 3. maí 2013, málsgr. 38. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/Assets/Dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20sk%C3%BDrslu%20-%20Litla%20Hraun.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023]. Sjá nánar á heimasíðu Hagstofunnar, <https://hagstofa.is/verdlagsreiknivél> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>45</sup> Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Kviabryggju 22.-23. mars 2022*, bls. 22-23. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua\\_opcat\\_kviabryggja.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua_opcat_kviabryggja.pdf) [sótt á vef 30. nóvember 2023]. Sjá einnig *Skýrslu stýrihóps um málefni fanga*. Félagsmálaráðuneytið 2021, bls. 22. Birt á vefslóð: <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Sk%ac3%bdrsla%20st%ac3%bdrih%cc3%b3ps%20um%20ma%cc%81lefni%20fanga-heildarsky%cc%81rsla.X.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

Þeirri **ábendingu** er komið á framfæri við Fangelsismálastofnun að endurmeta með reglubundnum hætti forsendur upphæðar fæðisfjár og meta hvort rétt sé að styðjast við aðra þætti en neysluviðmið, t.a.m. með því að taka tillit til þróunar verðlags neysluvara.

Þeirri **ábendingu** er komið á framfæri við dómsmálaráðherra að taka til skoðunar og meta hvort tilefni sé til að endurskoða þóknanir fyrir nám, vinnu og dagpeninga með hliðsjón af tillögum stýrihóps um málefni fanga.

# 5 Meðferðarúrræði og endurhæfing

## 5.1 Endurhæfing<sup>46</sup>

Í fangelsinu hafa fangar almennt aðgang að virkni, s.s. námi, vinnu og líkamsrækt, þótt ákveðnir fangar, t.d. þeir sem vistaðir eru á öryggisdeild, búi við skertara aðgengi að þessu leyti. Barna- og menntamálaráðuneytið hefur áður upplýst umboðsmann um að unnið sé að útfærslu tillagna stýrihóps fanga um að bæta aðstöðu fanga til náms þar sem m.a. sé gert ráð fyrir stofnun námsvers og bættri aðstöðu til verknáms í fangelsum.<sup>47</sup> Hins vegar fengust þær upplýsingar frá ráðuneytinu nú að enn sem komið er hafi verkefninu ekki verið tryggt fjármögnun. Með vísan til þess mun umboðsmaður fylgjast áfram með framvindu þessara mála.

## 5.2 Meðferðaráætlanir<sup>48</sup>

Fangelsismálastofnun skal, í samvinnu við fanga, gera meðferðaráætlun fyrir fanga sé það talið nauðsynlegt að mati sérfræðinga stofnunarinnar.<sup>49</sup> Tilgangur meðferðaráætlana er m.a. að leggja mat á stöðu fanga og útbúa á þeim grunni áætlun um hvernig nýta megji þau úrræði sem föngum bjóðast innan fangelsisins. Markmið þessa er m.a. að bæta heilsu fanga á meðan afplánun stendur og gera þeim kleift að aðlagast samfélaginu að nýju þegar afplánun lýkur.<sup>50</sup> Það verður því ekki annað séð en að meðferðaráætlunum sé ætlað veigamikili hlutverk við endurhæfingu fanga.

Samkvæmt upplýsingum frá fangelsinu var aðeins einn fangi af þeim 48 sem voru í afplánun með virka meðferðaráætlun þegar heimsókn umboðsmanns fór fram. Auk þess voru þrjár meðferðaráætlanir í vinnslu. Af fjölda virkra meðferðaráætlana verður ráðið að einungis lítill hluti fanga falli undir þau viðmið sem Fangelsismálastofnun hefur sett sér um gerð áætlana, en þau eru að fangi hafi hlotið dóm sem er

<sup>46</sup> Viðhlitandi virkni á borð við vinnu, nám og ástundun íþrótta hefur grundvallarþýðingu fyrir liðan fanga meðan á afplánun stendur. Þá búa að baki lögum um fullnustu refsinga sjónarmið um betrun fanga og virka þátttöku í samfélaginu eftir afplánun og eru nám, starf og önnur virkni, s.s. tómstunda- eða meðferðarstarf, allt þættir í þeirri stefnu. Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Kviabryggju 22.-23. mars 2022*, bls. 25-26. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua\\_opcat\\_kviabryggja.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua_opcat_kviabryggja.pdf) [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>47</sup> Sjá svar mennta- og barnamálaráðuneytisins frá 24. júlí 2023 við *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Kviabryggju 22.-23. mars 2022*. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10273/opcat-kviabryggja-mrn.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>48</sup> Meðferðaráætlun er ætlað að meta þörf fanga fyrir sálfræðilegan, félagslegan og annan stuðning og vinna markvisst að því að fangi nái að fóta sig í samfélaginu eftir afplánun, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 240/2018, um fullnustu refsinga. CPT-nefndin beindi þeim tilmælum til íslenskra stjórnvalda eftir heimsókn sína árið 2019 að taka á ný upp meðferðaráætlanir fyrir alla fanga. Án meðferðaráætlunar sé erfitt að bjóða einstaklingsmiðaða virkni og undirbúa fanga fyrir endurkomu í samfélagið. Sjá *Skýrslu CPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Íslands 17.-24. maí 2019*, CPT/Inf(2020)4, málsg. 23. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16809a3ee3> [sótt á vef 30. nóvember 2023]. Sjá nánari umfjöllun um meðferðaráætlanir í *Skýrslu umboðsmanns um aðbúnað og aðstæður kvenna í afplánun*, bls. 44. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10268/opcat-skyrsla-konur-i-fangelsi.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>49</sup> Sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga.

<sup>50</sup> Sbr. athugasemdir við 24. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, í greinargerð með frumvarpi til laganna, 145. löggj.þ. 2015-2016, þskj. 399. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/145/s/0399.html> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

fimm ár eða lengri fyrir ofbeldisbrot eða kynferðisbrot, eða dóm fyrir brot gegn barni og þá óháð lengd dómsins. Umboðsmaður benti í nýlegri skýrslu sinni um aðbúnað og aðstæður kvenna í íslenskum fangelsum á að viðmiðin þrengi um of að því skyldubundna mati sem kveðið er á um í lögum. Hann beindi þeim tilmælum til Fangelsismálastofnunar að hverfa frá beitingu almennra viðmiða við ákvörðun um gerð meðferðaráætlunar og þess í stað leggja einstaklingsbundið mat á nauðsyn hennar í samræmi við áskilnað laga.<sup>51</sup> Í ljósi þess hve mikilvægu hlutverki meðferðaráætlun á að gegna við endurhæfingu fanga og þess hve fáir fangar hafa virka meðferðaráætlun mun umboðsmaður fylgjast með aðgerðum fangelsismálayfirvalda að þessu leyti.

*Ítrekuð eru fyrri tilmæli umboðsmanns til Fangelsismálastofnunar um að hverfa frá því að beita eingöngu almennum viðmiðum við ákvörðun um gerð meðferðaráætlunar og leggja þess í stað einnig mat á nauðsyn hennar á grundvelli einstaklingsbundinna þátta í samræmi við fyrirmæli 24. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga.*

### 5.3

#### Vímuefnanotkun og meðferðar- og stuðningsúrræði

Meiri hluti fanga á Litla-Hrauni glímir við vímuefnavanda. Í viðtölum við fanga kom fram að auðvelt væri að verða sér úti um vímuefni í fangelsinu. Af upplýsingum frá fangelsinu verður ráðið að inngríp, s.s. líkamsleitir, aðskilnaður og ákvarðanir um aga- viðurlög, séu oft tengd neyslu vímuefna. Neysla vímuefna hefur einnig slæm áhrif á reglu innan fangelsisins sem og öryggi fanga þar sem ofbeldi milli þeirra á oft rætur að rekja til vímuefna. Þá geta fangar sem eiga í vímuefnavanda ekki vistast í opnum úrræðum þar sem það er skilyrði fyrir afplánun í þeim að fangi haldi sig frá neyslu.<sup>52</sup>

Það er mat umboðsmanns að bágt ástand fanga vegna vímuefnaneyslu sé áberandi í fangelsinu og að það skeri sig úr samanborið við önnur fangelsi hvað snertir aðgengi að vímuefnum og neyslu. Nú liggur fyrir að byggja á nýtt fangelsi að Litla-Hrauni. Fram hefur komið að við þá vinnu verði unnt að skipuleggja fangelsið með þeim hætti að unnt verði að koma betur í veg fyrir flæði fíkniefna. Í því tilliti bendir umboðsmaður þó á mikilvægi þess að ekki sé einungis leitað leiða til að girða fyrir framboð af vímuefnum í fangelsinu heldur sé einnig leitast við að minnka eftirspurn, s.s. með meðferðarstarfi og virkum stuðningi við edrúmennsku. Aðgengi að meðferðar- og stuðningsúrræðum í fangelsinu verður einnig að skoða í ljósi þess markmiðs fullnustulöggjafarinnar að draga úr líkum á ítrekuðum brotum og líklegri endurkomu í fangelsi með þeim neikvæðu afleiðingum sem því fylgja fyrir einstaklinga svo og samfélagið í heild sinni.<sup>53</sup>

<sup>51</sup> Sjá umfjöllun um viðmið Fangelsismálastofnunar í *Skýrslu umboðsmanns um aðbúnað og aðstæður kvenna í afplánun*, bls. 44-45. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10268/opcat-skyrsla-konur-i-fangelsi.pdf> [sótt á vef 30. nóvember 2023].

<sup>52</sup> Sjá til hliðsjónar II. kafla almennra athugasemda við frumvarp það er varð að lögum nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, 145. löggj.þ. 2015-2016, þskj. 399. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/alttext/145/s/0399.html> [sótt á vef 1. desember 2023]. Sjá einnig *Aðgerðaráætlun um heilbrigðisþjónustu fanga*. Dómsmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið 2019, bls. 8. Birt á vefslóð: <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Domsmalar?-uneytid/A%C3%B0ger%C3%B0ar%C3%A1%C3%A6tlun%20um%20heilbrig%C3%B0is%C3%BEj%C3%B3nus%20fanga.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>53</sup> Sbr. athugasemdir við 1. gr. í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, 145. löggj.þ. 2015-2016, þskj. 399. Vefútgáfa Alþingistiðinda, slóð: <https://www.althingi.is/alttext/145/s/0399.html> [sótt á vef 1. desember 2023].

Á Litla-Hrauni er sérstakur meðferðargangur þar sem er pláss fyrir 11 fanga hverju sinni. Einnig geta þeir sótt AA-fundi í fangelsinu sem að jafnaði eru haldnir tvisvar sinnum á dag. Í heimsókninni fengust þær upplýsingar að fangar þyrftu að vera metnir hæfir af meðferðarfulltrúa til þess að vistast á meðferðarganginum og ekki gætu allir sem vildu fengið pláss þar. Gangurinn var ekki fullsetinn meðan á heimsókninni stóð. Um fleiri úrræði vegna vímuefnavanda er ekki að ræða.

CPT-nefndin gerði athugasemdir um skort á heildrænni stefnu stjórnvalda vegna vímuefnavanda í fangelsum í skýrslu vegna heimsóknar nefndarinnar til Íslands árið 2019.<sup>54</sup> Ekki verður séð að brugðist hafi verið við athugasemdunum með gerð slíkrar stefnu. Í aðgerðaráætlun stjórnvalda um heilbrigðisþjónustu við fanga frá árinu 2019 kemur fram að geðheilsuteymi fangelsa sé ætlað að veita markvissa, samfellda og einstaklingsmiðaða fíknimeðferð og er teyminu þannig veitt umfangsmikið hlutverk að þessu leyti. Samkvæmt upplýsingum frá geðheilsuteyminu veita sálfræðingar og geðlæknir innan teymisins meðferð með aðferðum skaðaminnkunar, s.s. viðhaldsmeðferð í samstarfi við heilbrigðis- og meðferðarstofnanir sem og aðstoð og stuðning ef einstaklingar hafa áhuga á að draga úr eða hætta neyslu. Mönnun teymisins valdi því hins vegar að iðulega náist ekki að sinna viðtölum við fanga sem ekki eigi við bráðan vanda að stríða.<sup>55</sup> Í þessu sambandi hefur komið fram af hálfu teymisins að gagnlegt væri að koma á fót hópmeðferðarstarfi innan fangelsisins fyrir þann hóp en þetta myndi kalla á aukinn mannafla. Að mati umboðsmanns er ljóst að huga verður að því að teyminu séu tryggðar viðhlítandi forsendur til að sinna meðferðarstarfi svo fylgja megi eftir þeim áætlunum sem gerðar hafa verið um meðferðarstarf innan fangelsa.

Í ljósi alls framangreinds leggur umboðsmaður áherslu á þörf fyrir heildræna stefnu vegna vímuefnavanda í fangelsum, eflingu meðferðarstarfs og fleiri tegundir meðferðar- og stuðningsúrræða en hingað til hafa staðið til boða. Umboðsmaður mun fylgjast með aðgerðum fangelsismála- og heilbrigðisyfirvalda til að sporna við neyslu vímuefna í fangelsum og veita föngum með fíknivanda viðhlítandi meðferð og stuðning.

*Þeim tilmælum er beint til ráðherra dómsmála og heilbrigðismála, í samráði við í Fangelsismálastofnun, að móta heildræna stefnu um aðstoð við fanga með vímuefnavanda þar sem stefnt verði að því að draga úr notkun vímuefna í fangelsinu, m.a. með auknu framboði af meðferðar- og stuðningsúrræðum.*

*Þeirri ábendingu er komið á framfæri við dómsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra að taka til skoðunar hvort aðgerðaráætlun um heilbrigðisþjónustu fanga hafi verið fylgt eftir með viðeigandi aðgerðum hvað fíknimeðferð varðar og ef ekki, hvort ástæða sé til að bregðast við. Er þá m.a. haft í huga að hugað verði að því hvort geðheilsuteymi hafi verið tryggðar viðhlítandi forsendur til að gegna hlutverki sínu að þessu leyti.*

<sup>54</sup> Sbr. tilmæli í Skýrslu CPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Íslands 17.-24. maí 2019, CPT/Inf(2020)4, málsgr. 41.-42. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16809a3ee3> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>55</sup> Í teyminu starfar geðlæknir í hálfu starfi, einn teymisstjóri, sem er sálfræðingur að mennt, í fullu starfi auk tveggja sálfræðinga í 80-90% starfi. Teymið hefur viðveru í fangelsinu tvisvar til þrisvar sinnum í viku.



## 6 Starfsfólk

Meiri hluti fangavarða sem starfar í fangelsinu hefur lokið námi í Fangavarðaskóla ríkisins.<sup>56</sup> Kennslan fer að meginstefnu til fram í fjarnámi. Í viðtölum við fangaverði var þeim skoðunum lýst að efla þurfi námið og bæta alla þjálfun, m.a. í valdbeitingu. Í kjölfar ábendinga CPT-nefndarinnar um að þörf væri á að bæta úr þjálfun fangavarða, m.a. í svokölluðu virku öryggi (e. *dynamic security*), var starfshópur settur á fót til að endurmeta inntak og umgjörð menntunar fanga og fangavarða.<sup>57</sup> Sá þáttur vinnunnar sem snýr að námi fangavarða stendur enn yfir en samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu hefur nú verið ákveðið að fela mennta- og starfsþróunarsetri lög-reglunnar að hafa umsjón með og þróa nám fyrir fangaverði og unnið sé að því að koma þeim áætluðum í farveg. Til að byrja með sé verkefnið til tveggja ára. Í framhaldi af því verði stefnt að því að finna varanlegt fyrirkomulag fyrir námið, m.a. með hliðsjón af fyrirhugaðri endurskoðun laga um fullnustu refsinga. Umboðsmaður mun fylgjast með því hvernig fyrirhuguðum breytingum á náminu vindur fram.

Fangaverðir sem ekki hafa lokið námi sitja fjögurra daga námskeið þar sem m.a. er farið yfir helstu lög og reglur sem gilda um starfsemina, atriði sem tengjast valdbeitingu og kennd skyndihjálp. Í viðtölum við fangaverði kom einnig fram að þörf væri á aukinni simenntun, þ.e. reglubundinni þjálfun í valdbeitingu, skyndihjálp og samskiptatækni. Þá kom fram að lítið framboð væri af námskeiðum á þjálfunarvöktum, sem eru á sex vikna fresti, þannig að oft séu þær ekki nýttar til þjálfunar. Fyrirkomulagi þjálfunarvaktar var komið á í kjölfar athugasemda umboðsmanns um þörf á reglubundinni þjálfun. Á sama tíma kom fram að áform væru uppi um fræðslu í samskiptatækni,<sup>58</sup> en ekki verður séð að starfsfólk fái enn sem komið er sérstaka kennslu eða þjálfun þar að lútandi eða í virku öryggi.<sup>59</sup>

<sup>56</sup> Um hlutverk starfsmanna í fangelsum og kröfur til menntunar og þjálfunar þeirra vísast nánar til umfjöllunar í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019*, bls. 43-44. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023]. Sjá einnig umfjöllun um að góð samskipti milli fanga og starfsfólks séu til þess fallin að draga úr spennu og þar af leiðandi minnka líkur á valdbeitingu í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Kviabryggju 22.-23. mars 2022*, bls. 32. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua\\_opcat\\_kviabryggja.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua_opcat_kviabryggja.pdf) [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>57</sup> Sjá umfjöllun um endurmat á inntaki og umgjörð menntunar fanga og fangavarða og skipun starfshópsins í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019*, bls. 45. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>58</sup> Sjá svör Fangelsisins Litla-Hrauni við *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni 28.-29. janúar 2021*. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10207/opcat-oryggisgangur-litla-hraun.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>59</sup> Um virkt öryggi vísast m.a. til kafla 7.1 í *Skýrslu umboðsmanns um aðbúnað og aðstæður kvenna í afpláun*, bls. 46. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10268/opcat-skyrsla-konur-i-fangelsi.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023]. Sjá einnig til hliðsjónar álit umboðsmanns Alþingis frá 21. september 2016 í máli nr. 8544/2015 og tilmæli í *Skýrslu CPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Íslands 17.-24. maí 2019*, CPT/Inf(2020)4, málsgr. 27. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16809a3ee3> [sótt á vef 1. desember 2023]. Umboðsmaður hefur áður víkið að skorti á þjálfun í samskiptatækni í skýrslum, sjá m.a. *Skýrslu vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 58. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023]. Þá hefur ábendingu áður verið beint til Fangelsisins Litla-Hrauni um að fylgja eftir áformum um að bjóða starfs-

Af viðtölum sem tekin voru á meðan heimsókninni stóð, bæði við fanga og fangaverði, verður ráðið að fangaverðir hafi að jafnaði ekki viðveru inni á deildum nema við reglubundið eftirlit, svo sem þegar lyf eru gefin eða klefar opnaðir og þeim lokað kvölds og morgna. Þá eigi fangar aðallega samskipti við fangaverði til að óska eftir upplýsingum og leggja fram ýmsar beiðnir. Það vakti athygli að bæði fangar og starfsmenn töldu að gagnlegt væri að samskipti milli fanga og fangavarða yrðu aukin.

Með hliðsjón af framangreindu er þeim **tilmælum** beint til Fangelsismálastofnunar og Fangelsisins Litla-Hrauni að:

- viðhalda með reglubundnum hætti þjálfun starfsfólks í valdbeitingu og líkamlegum tókum. Jafnframt þarf að tryggja að starfsfólk fái reglulega þjálfun í skyndihjálp.
- endurskoða fyrirkomulag þjálfunarvakta þannig að þær nýtist til þjálfunar og nái þannig tilgangi sínum.
- bæta markvisst þjálfun starfsfólks í virku öryggi.

Þá er þeirri **ábendingu** komið á framfæri við dómsmálaráðherra að fylgja því eftir að koma menntun fangavarða í varanlegan farveg.

# 7 Heilbrigðisþjónusta

## 7.1

### Almenn lækniþjónusta<sup>60</sup>

Af því sem kom fram í viðtölum við fanga verður ráðið að ekki allir þeirra hafi fengið lækni skoðun við komu í Fangelsið Litla-Hrauni. Það kann að eiga sér ákveðnar skýringar í ljósi þess að fangar hafa oft og tíðum haft viðkomu í móttökufangelsinu á Hólmsheiði áður en þeir hefja afplánun á Litla-Hrauni. Aftur á móti getur komið til þess að fangar hefji afplánun á Litla-Hrauni eða séu fluttir þangað frá Hólmsheiði áður en til lækni skoðunar kemur.

Samkvæmt upplýsingum sem umboðsmaður aflaði í tengslum við heimsóknina hefur lækni viðveru í fangelsinu tvisvar sinnum í viku og hjúkrunarfræðingur fjórum sinnum. Í viðtölum við fanga voru dæmi um að fangar þyrftu að bíða í nokkra daga eftir lækni skoðun. Í viðtölum við starfsfólk og fanga kom jafnframt fram að vegna anna hjá flutningsteymi Fangelsismálastofnunar væri ekki alltaf unnt að gera föngum kleift að sækja lækniþjónustu utan veggja fangelsisins, t.d. til að sækja tíma hjá sérfræðilækni eða sökum óvæntra verkja eða veikinda sem krefjast meðhöndlunar.<sup>61</sup>

Við einangrun og aðskilnað fanga er heilbrigðisstarfsfólki tilkynnt um vistunina en lækni ekki kallaður sérstaklega til. Nánar var vikið að hlutverki lækna á meðan fangi sætir inngrípi, sem felur í sér einangrun, í kafla 3.2 hér að framan.<sup>62</sup> Umboðsmaður hefur ítrekað beint þeim tilmælum til fangelsismálayfirvalda að lækni skoðanir á föngum fari fram í samræmi við fyrirmæli laga, n.t.t. allt frá árinu 2013.<sup>63</sup> Samkvæmt því sem áður greinir er tilefni til þess að ítreka þessi tilmæli enn á ný. Þá

<sup>60</sup> Um almenna lækniþjónustu fanga sjá kafla 8.1. í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Kviabryggju 22.-23. mars 2022*, bls. 33-34. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua\\_opcat\\_kviabryggja.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua_opcat_kviabryggja.pdf) [sótt á vef 1. desember 2023]. Sjá einnig umfjöllun um lögbundnar lækni skoðanir og hlutverk heilbrigðisstarfsmanna við að sporna gegn illri meðferð í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 61-62. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheiði-skyrsla.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>61</sup> Í athugasemdum fangelsisins við drög að skýrslunni kemur fram að skýrt sé að fangar eigi rétt á heilbrigðisþjónustu og tryggt sé að þeir hafi aðgengi að slíkri þjónustu vegna bráðra veikinda. Ef ekki sé heilbrigðisstarfsmaður í húsi þegar slíkt komi upp sé ávallt leitað til lækni. Sé þá eftir atvikum hringt á heilsugæsluna á Suðurlandi, farið með viðkomandi á læknavaktina eða hringt á sjúkrahil. Hvað varði þær ferðir til sérfræðilækna sem þurfi að fresta af hálfu fangelsisins þá séu þær í miklum minni hluta og ávallt í samráði við heilbrigðisstarfsmann og með samþykki hans. Um leið og læknistíma sé frestað þá sé jafnframt fenginn nýr tími.

<sup>62</sup> Samkvæmt 77. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, skal kalla til lækni til að skoða fanga þegar einangrun skv. 74. gr. eða aðskilnaði skv. 75. gr. er beitt, eða fangi settur í öryggisklefa skv. 76. gr. Ef unnt er skal lækni skoða fanga í einangrun eða öryggisklefa daglega.

<sup>63</sup> Sjá drög að skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Litla-Hrauni 3. maí 2013, málsgr. 53. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/Assets/Dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20sk%C3%BDrslu%20-%20Litla%20Hraun.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023]. Sjá einnig t.d. *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 61-62 og 66. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheiði-skyrsla.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023] og *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni 28.-29. janúar 2021*, bls. 32-33. Birt á vefslóð <https://www.umbodsmadur.is/asset/10137/opcat-oryggisdeild-litla-hraun.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].



eiga sömu sjónarmið um læknisskoðanir eftir atvikum við þegar tekin er ákvörðun um vistun fanga á öryggisdeild, þ.e. ef hún felur í sér einangrun.<sup>64</sup>

*Þeim tilmælum er beint til Fangelsismálastofnunar og Fangelsisins Litla-Hrauni:*

- að tryggja að fangar hafi greitt aðgengi að heilbrigðisþjónustu vegna óvæntra verkja eða veikinda sem krefjast meðhöndlunar.
- að leita leiða til að koma í veg fyrir að fangar verði af þjónustu sérfræðilækna vegna atvika sem þeim eru óviðkomandi, s.s. vegna anna starfsfólks eða ónógrar mönnunar.
- að tryggja að læknisskoðun fari fram við þær aðstæður sem lög áskilja, s.s. við upphaf afplánunar og þegar beitt er einangrun, aðskilnaði eða vistun í öryggisklefa og eftir atvikum þegar tekin er ákvörðun um vistun á öryggisdeild.

## 7.2

### Tannlæknaþjónusta<sup>65</sup>

Í viðtölum við fanga kom fram að löng bið væri eftir almennri tannlæknaþjónustu. Þá hafi fangar sem þjáðst hafi af verkjum vegna tannrótarbólgu eða tannpinu þurft að bíða í meira en mánuð eftir tíma hjá tannlækni. Jafnframt kom fram að kostnaður fanga af tannlæknaheimsóknum væri mikill á sama tíma og þóknanir vegna vinnu og náms og dagpeningar væru lágir. Þá hefðu fangar takmarkaða möguleika á að afla sér frekari tekna. Af þessu leiddi að sumir gætu ekki leitað til tannlæknis. Af heimsókninni nú, sem og öðrum heimsóknum umboðsmanns í fangelsi á undanförunum árum, verður ekki dregin önnur ályktun en að aðgengi fanga að tannlæknaþjónustu sé í raun töluvert skert, bæði þar sem það er háð fjárráðum fanga og í ljósi þess að almennt virðist nokkur bið geta verið eftir þjónustunni.

*Í samræmi við framangreint eru ítrekuð þau tilmæli til Fangelsismálastofnunar og Fangelsisins Litla-Hrauni að tryggja að allir fangar hafi aðgengi að nauðsynlegri tannlæknaþjónustu, óháð fjárhag.*

## 7.3

### Lyfjagjafir

Umboðsmaður hefur í fyrri skýrslum sínum vegna heimsókna í fangelsi lagt áherslu á að starfsfólk sem sinnir lyfjagjöfum hafi til þess tilskilda menntun. Með því móti sé tryggt að trúnaður um heilsufarsupplýsingar fanga sé virtur auk þess sem minni líkur séu á að gerð séu mistök við lyfjagjafir. Þá hefur jafnframt verið lögð áhersla á að þegar heilbrigðisstarfsfólk sé ekki til taks sé þess gætt að starfsfólk sem komi að lyfjagjöf fái viðeigandi fræðslu og þjálfun.<sup>66</sup>

<sup>64</sup> Sjá í þessu samhengi álit umboðsmanns Alþingis frá 21. júní 2023 í máli nr. 11373/2021.

<sup>65</sup> Sjá umfjöllun um aðgengi fanga að tannlæknaþjónustu og tilmæli umboðsmanns í þeim efnum í Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Kviabryggju 22.-23. mars 2022, bls. 34-36. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua\\_opcat\\_kviabryggja.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua_opcat_kviabryggja.pdf) [sótt á vef 1. desember 2023]. Sjá einnig umfjöllun í Skýrslu CPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Íslands 17.-24. maí 2019, CPT/Inf(2020)4, málsgr. 36. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16809a3ee3> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>66</sup> Sjá Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019, bls. 48-49. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023]. Sjá einnig Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020, bls. 65.

Af upplýsingum úr heimsókninni varð ekki annað ráðið en að þeir fangaverðir sem sinna lyfjagjöfum hafi ekki hlotið sérstaka þjálfun eða fræðslu í tengslum við lyfjagjafir. Þannig varð t.a.m. ekki séð að þeir hafi fengið fræðslu um helstu virkni lyfja eða þjálfun í að gæta að ástandi fanga við lyfjagjöf með það í huga að meta hvort ástand þeirra leyfi inntöku lyfja, s.s. þegar fangi er undir áhrifum vímuefna.<sup>67</sup>

Umsýsla í kringum lyfjagjöf er umfangsmikil í fangelsinu sem helgast m.a. af því að mikill meiri hluti fanga notar lyfseðilsskyld lyf og eru skipulagðar lyfjagjafir fjórum sinnum á dag. Lyf sem gefin eru daglega eru skömmtuð í lyfjabox í apóteki á Selfossi. Í þeim tilvikum sem lyfjum er ávísað *eftir þörfum* afhenda fangaverðir þó fanga lyf samkvæmt leiðbeiningum frá lækni og þá beint úr lyfjaumbúðum. Fanga-verðir sjá um að útdeila lyfjum og er framkvæmdinni almennt þannig háttáð að aðstoðarvarðstjóri hefur umsjón með lyfjagjöf með aðstoð fangavarða. Þegar mistök verða við lyfjagjöf á, samkvæmt verklagi fangelsisins, að hafa tafarlaust samband við vakthafandi lækni á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, óháð því hvort starfsmenn telji sig þekkja virkni lyfjanna og/eða telji inntöku þeirra meinlausa. Upplýsingar um innihald lyfjaboxa er að finna á límmiða undir lyfjaboxi, m.a. svo unnt sé að upplýsa fanga um hvaða lyf séu í boxinu, en með þessum hætti fær starfsmaður fangelsisins einnig óhjákvæmilega upplýsingar um lyfjanotkun viðkomandi fanga.

Í viðtölum við fanga og starfsfólk kom fram að mistök við lyfjagjöf kæmu fyrir, s.s. þannig að fangar tækju inn röng lyf og að í þeim tilvikum hefði fongum reynst erfitt að fá upplýsingar um hvaða lyf þeim hefðu verið gefin fyrir mistök.

*Þeim tilmælum er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að:*

- *leita leiða til að koma í veg fyrir að fangaverðir eða almennir starfsmenn séu látinir sinna störfum heilbrigðisstarfsfólks, s.s. lyfjagjöfum. Þegar mönnun heilbrigðisstarfsfólks er ekki fullnægjandi þarf að gæta þess að starfsfólk sem ætlað er að sinna lyfjagjöfum fái viðeigandi fræðslu og þjálfun.*
- *gæta þess að í þeim tilvikum þegar frávik verða í lyfjagjöf sé viðkomandi fanga tilkynnt um mistökin og hann fái viðeigandi upplýsingar um áhrif þeirra lyfja sem honum voru gefin.*

Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023]. Í skýrslu CPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Íslands árið 2019 beindi nefndin því til íslenskra stjórnvalda, í samræmi við viðmið hennar um heilbrigðisþjónustu í fangelsum, að látið yrði af þeirri framkvæmd hér á landi að starfsfólk sem hefur ekki til þess tilskilda menntun gefi fongum lyf. Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á Öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni 28.-29. janúar 2021*, bls. 33-34. Birt á vefslóð <https://www.umbodsmadur.is/asset/10137/opcat-oryggisdeild-litla-hraun.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023]. Sjá í þessu samhengi einnig *Health care services in prisons. Extract from the 3rd General Report of the CPT, published in 1993*, CPT/Inf(93)12-part, málsgr. 50. og 51. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806ce943> [sótt á vef 1. desember 2023]. Sjá einnig 1. mgr. 17. gr. laga nr. 34/2012, um heilbrigðisstarfsmenn, og c. lið 1. mgr. 32. gr. Nelson Mandela-reglnanna. Hér til hliðsjónar má benda á að umboð norska þjóðþingsins taldi að það fæli í sér brot á trúnaðarskyldu heilbrigðisstarfsmanna að starfsfólk fangelsisins sem sinnti lyfjagjöf hefði upplýsingar um nafn fanga og um lyfseðilsskyld lyf þeirra á skömmtunareiningum. Sjá skýrslu umboðs norska þjóðþingsins: *Oslo fengsel 19.-22. november 2018*, bls. 56. Birt á vefslóð: <https://www.sivilombudsmannen.no/wp-content/uploads/2019/06/Oslo-fengsel-%E2%80%93-bes%C3%B8ksrapport.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023]. Sjá umfjöllun í kafla 5.3. þar sem fjallað er um aðgengi að og neyslu vímuefna í fangelsinu. Sjá hér einnig til hliðsjónar dreifibréf danska dómsmálaráðuneytisins til fangelsa og fangageymslna frá 2011, *Cirkulære om medicinudlevering m.v. til indsatte i fængsler og arresthuse*.

## 7.4

**Sálfræðiþjónusta og geðheilbrigðismál<sup>68</sup>**

Svo sem áður greinir er ljóst að tilkoma geðheilsuteymis fangelsanna hefur bætt geðheilbrigðisþjónustu við fanga.<sup>69</sup> Af gögnum sem aflað var í tengslum við heimsóknina og viðtölum við starfsmenn fangelsisins og geðheilsuteymið verður ráðið að á hverjum tíma séu í fangelsinu einstaklingar sem eigi við geðrænan vanda að etja. Meðal þeirra séu fangar sem eigi í alvarlegum vanda og þurfi af þeim sökum mikla geðheilbrigðisþjónustu innan fangelsisins eða jafnvel á geðheilbrigðisstofnunum. Ein birtingarmynd þessa vanda sé að þessir einstaklingar þrífist iðulega ekki vel innan um aðra fanga og séu því aðskildir frá þeim með tilheyrandi vistunum á öryggisdeild eða í öryggisklefa. Eins og vikið var að í kafla 3.2 getur einangrun einmitt lagst sérstaklega þungt á þá sem glíma við andleg veikindi af einhverjum toga. Þannig kunni andlegri heilsu þeirra að hraka enn frekar í afplánun. Jafnvel þótt mat geðheilsuteymisins liggja fyrir um að vandi fanga kalli á viðeigandi meðferð á heilbrigðisstofnun sé það aðeins í undantekningartilvikum að viðkomandi einstaklingar séu lagðir inn á geðdeildir og þá oftast einungis í skamman tíma. Fram kom að oft væri nánast útilokað að vinna með vanda þeirra með þeim tíma sem teymið hefði til ráðstöfunar.

Af upplýsingum úr heimsókninni, svo og öðrum atvikum sem umboðsmanni er kunnugt um, verður ráðið að almenn tregða sé meðal geðheilbrigðisstofnana að taka við föngum. Samkvæmt upplýsingum úr heimsókn umboðsmanns í fangelsið hafa heilbrigðisstofnanir bent á skort á plássi til að taka á móti föngum. Þá skorti aðstöðu sem tryggir öryggi fanga og starfsfólks og því sé iðulega gerð sú krafa að fangaverðir séu með föngum meðan á vistun þeirra stendur. Ljóst er að því fylgir hins vegar aukinn kostnaður fyrir fangelsið með tilheyrandi mönnunarvanda.<sup>70</sup>

*Þeim tilmælum er beint til heilbrigðisráðherra að tryggja, í samvinnu við dómsmálaráðherra að fangar fái sambærilegt aðgengi að almennri geðheilbrigðisþjónustu og aðrir borgarar. Er þá einkum haft í huga að vistun þeirra í fangelsi skerði ekki möguleika þeirra á innlögn á geðdeildir, sé talin þörf á.*

<sup>68</sup> Sjá umfjöllun um sálfræðiþjónustu og geðheilbrigðismál í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019*, bls. 49-50. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023]. Sjá einnig tilmæli CPT-nefndarinnar til íslenskra yfirvalda um að tryggja án tafar að hlúð sé að föngum sem glíma við geðræn veikindi og þarfnast meðferðar á heilbrigðisstofnunum við viðeigandi aðstæður í *Skýrslu CPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Íslands 17.-24. maí 2019*, CPT/Inf(2020)4, málsgr. 40. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16809a3ee3> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>69</sup> Fjallað er um að visbendingar séu um að geðheilbrigðisþjónusta við fanga hafi batnað verulega með tilkomu geðheilsuteymisins í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni 28.-29. janúar 2021*, bls. 35. Birt á vefslóð <https://www.umbodsmadur.is/asset/10137/opcat-oryggisdeild-litla-hraun.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>70</sup> Í ársskýrslu umboðsmanns fyrir árið 2021 kemur fram að leita þurfi leiða til að kerfi refsivörslu, fullnustu og heilbrigðis virki betur saman, m.a. í tilvikum fanga sem þarfnast geðheilbrigðisþjónustu sem ekki verður veitt í fangelsi og að fangar fái þá heilbrigðisþjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í því sambandi gegni samvinna stofnana og eftir atvikum hlutadeigandi ráðuneyta lykilhlutverki. Sjá kafla 1.5 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2021*, bls. 20. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10197/ua-arsskyrsla-2021.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

# 8 Sérstakir fangahópar

## 8.1

### Erlendir fangar<sup>71</sup>

Af upplýsingum sem umboðsmaður aflaði í tilefni heimsóknarinnar er ljóst að innkomubæklingur fyrir fanga með upplýsingum um helstu réttindi þeirra er að mestu leyti til á ensku og pólsku. Þá sé túlkur kallaður til eftir þörfum.

Eyðublöð sem fangar geta nálgast innan fangelsisins, m.a. til að koma kvörtunum á framfæri við forstöðumann fangelsisins eða umboðsmann Alþingis, voru einungis til á íslensku. Upplýst hefur verið um að nú standi yfir vinna hjá Fangelsismálastofnun við að þýða öll eyðublöð og viðkomandi lög og reglur yfir á fjölda tungumála.

Fæstir þeirra erlendu fanga, sem töluðu hvorki íslensku né ensku, höfðu fengið skriflegar upplýsingar um réttindi sín við komuna í fangelsið á tungumáli sem þeir skildu og voru upplýsingarnar ekki túlkaðar munnlega á tungumáli sem þeir skildu. Þeir þurftu því að leggja traust sitt á upplýsingar frá öðrum erlendum fögum. Svo sem umboðsmaður hefur áður bent á getur það ástand verið óheppilegt, bæði þannig að fangar sem túlka komist í óæskilega valdastöðu en einnig getur þetta orðið til þess að þeir verði fyrir aðkasti.<sup>72</sup>

Í viðtölum kom fram að erlendir fangar teldu möguleika á því að stunda nám í fangelsinu afar takmarkaða þar sem allt nám þar fer fram á íslensku.

Möguleikar erlendra fanga til að eiga samskipti við vini og vandamenn eru oft takmarkaðri en annarra fanga vegna fjarlægðar. Vegna þess býðst erlendum fögum rýmri tími á Skype sem er að mati umboðsmanns jákvætt framtak af hálfu fangelsisins. Aftur á móti virtust erlendu fangarnir ekki allir meðvitaðir um þetta og þannig skorti á fullnægjandi upplýsingagjöf að þessu leyti.

*Þeim tilmælum er beint til Fangelsismálastofnunar að fylgja eftir áformum um að þýða helstu upplýsingar og skjöl yfir á þau tungumál sem algengast er að reyni á innan fangahópsins.*

*Þeim tilmælum er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að:*

<sup>71</sup> Sjá umfjöllun um erlenda fanga í kafla 12.3 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019*, bls. 55-56. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023]. Sjá einnig umfjöllun um kröfur Nelson-Mandela reglnanna um að helstu upplýsingar skuli vera aðgengilegar á algengustu tungumálum og í samræmi við þarfir fanga, ellegar skuli útvegaður túlkur í kafla 12.3 í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 72-73. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>72</sup> Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis um aðbúnað og aðstæður kvenna í afplánun*, bls. 56-57. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10268/opcat-skyrsla-konur-i-fangelsi.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

- útvega ávallt túlkþjónustu við innkomu fanga sem hvorki skilja íslensku né ensku svo unnt sé að tryggja að upplýsingarnar komist til skila. Einnig þegar komið er á framfæri upplýsingum sem ljóst er að hafi mikla þýðingu fyrir þá.
- tryggja að erlendir fangar fái upplýsingar á tungumáli sem þeir skilja um að þeir geti óskað eftir því að fá viðbótartíma á Skype.

Þeirri **ábendingu** er komið á framfæri við mennta- og barnamálaráðherra, að gefa framboði náms fyrir erlenda fanga sérstakan gaum við endurskoðun náms fanga.

## 8.2

### Fangar dæmdir fyrir kynferðisbrot<sup>73</sup>

Af viðtölum við fanga, fangaverði og stjórnendur fangelsisins verður ráðið að fangar sem afplána dóm fyrir kynferðisbrot verði fyrir aðkasti af hálfu annarra fanga. Þar af leiðandi veigri þeir sér frekar við að stunda virkni eins og líkamsrækt og útiveru. Aðgengi þeirra að virkni sé af þeim sökum í raun takmarkaðra en annarra. Þá kom fram að almennt fari þessi hópur fanga ekki í útiveru og lýstu sumir fangar því að hafa ekki farið undir bert loft í marga mánuði nema við göngu milli húsa á fangelsissvæðinu, t.d. til að sækja vinnu eða fara í heimsóknaraðstöðu. Þegar heimsókn umbodsmanns fór fram hafði sérstakur útivistartími fyrir þessa fanga í klukkustund á dag verið afnuminn.<sup>74</sup> Voru þær skýringar gefnar að það hefði fyrst og fremst verið vegna þess hve fáir nýttu sér útivistartímann. Í viðtölum við fanga kom aftur á móti fram að þrátt fyrir sérstakan útivistartíma hefðu þeir haldið áfram að verða fyrir aðkasti, t.d. með köllum annarra fanga út um glugga á herbergjum sem snúa að útisvæðinu.<sup>75</sup>

Í ljósi ofangreinds er ljóst að fangar sem dæmdir hafa verið fyrir kynferðisbrot standa höllum fæti innan fangelsisins þegar kemur að útiveru og virkni.

Þeim **tilmælum** er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að halda áfram að leita leiða til að tryggja föngum sem afplána dóma vegna kynferðisbrots aðgengi að útivist til jafns við aðra fanga í öruggu umhverfi, með aukinni viðveru fangavarða eða á sérstöku útisvæði þar sem þeir geta verið óhultir fyrir áreiti annarra fanga.

## 8.3

### Gæsluvarðhaldsfangar<sup>76</sup>

Í fangelsinu vistast gæsluvarðhaldsfangar í lausagæslu innan um fanga sem afplána refsingu. Í viðtölum kom fram að réttindum gæsluvarðhaldsfanga, m.a. til fjarskipta,

<sup>73</sup> Fangar sem afplána dóma vegna kynferðisbrots eru í sérstakri hættu á að verða fyrir árás annarra fanga. Það er hlutverk fangelsismálayfirvalda að gæta öryggis þessara fanga og leita leiða til að fyrirbyggja slíkar aðstæður. Sjá m.a. *Developments concerning CPT standards in respect of imprisonment. Extract from the 11th General Report of the CPT, published in 2001, CPT/Inf(2001)16-part, málsgr. 27*. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cd24c> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>74</sup> Útivistartímanum var á sínum tíma komið á eftir heimsókn CPT-nefndarinnar til Íslands árið 2019. Sjá *Skýrslu CPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Íslands 17.-24. maí 2019, CPT/Inf(2020)4, málsgr. 33*. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16809a3ee3> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>75</sup> Í athugasemdum fangelsisins við drög skýrslunnar er vísað til þess að fangelsisyrðing hafi itrekað bent á að aðstæður á Litla-Hrauni séu þannig að erfitt sé að aðskilja fanga, sér í lagi ætli þeir sér að nýta þá þjónustu, útivist og vinnu sem í boði sé á staðnum. Þessum hópi fanga hafi lengi staðið til boða aðskildir útivistartímar en þeir verði engu að síður fyrir aðkasti, eins og hrópum og köllum samfanga. Í dag standi þessum hópi til boða að dvelja frekar í fangelsinu á Hólmsheiði, sé það vilji þeirra, auk þess sem tekið sé tillit til þessara aðstæðna við mat á því hvenær umræddir fangar komist í opið úrræði.

<sup>76</sup> Efallað er um lagagrundvöll gæsluvarðhalds og þær réttarreglur sem gilda um vistun gæsluvarðhaldsfanga í *Skýrslu umbodsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 14-18 og 26-27. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 1.



væru settar sömu skorður og í tilviki afplánunarfanga. Í þessu sambandi hefur umboðsmaður áður bent á að vistun gæsluvarðhaldsfanga meðal afplánunarfanga kunni í einhverjum tilvikum að leiða til þess að tiltekin réttindi þeirra, s.s. aðgengi að fjarskiptatækjum, sæti í raun meiri takmörkunum en efni standa til.<sup>77</sup>

*Þeim tilmælum er beint til Fangelsismálastofnunar og Fangelsisins Litla-Hrauni að greina eðli og efni þeirra ákvarðana sem teknar eru í tengslum við vistun gæsluvarðhaldsfanga með það í huga að skilgreina hvenær staða þeirra kann að vera önnur en afplánunarfanga. Í þessu sambandi þarf sérstaklega að hafa í huga að blöndun gæsluvarðhalds- og afplánunarfanga feli ekki sjálfkrafa í sér skerðingu á réttindum sem gæsluvarðhaldsfangar eiga að öðru óbreyttu að njóta, s.s. aðgengis að fjarskiptatækjum.*

desember 2023]. Þar er m.a. bent á að í þjóðréttarlegum skuldbindingum sé að finna áskilnað um að menn sem sæta rannsókn vegna sakamáls eigi að aðskilja frá sakfelldum mönnum nema í sérstökum tilvikum og þá skuli þeir sæta sérstakri meðferð sem hæfi aðstæðum þeirra sem ósakfelldum mönnum. Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 27. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].



# 9 Upplýsingagjöf, kærur og kvartanir

## 9.1 Upplýsingagjöf<sup>78</sup>

Í kafla 8.1 var fjallað um upplýsingagjöf til erlendra fanga og sérstaklega vikið að upplýsingabæklingi sem fangar fá við komu í fangelsið. Við þá umfjöllun er því að bæta að eins og umræddur bæklingur er nú úr garði gerður samanstendur hann að meginstefnu til af upptalningu lagaákvæða og stjórnvaldsfyrirmæla um afplánunina. Hins vegar hefur nú verið gefinn út innkomubæklingur á einfaldara máli sem er afhentur samhliða fyrrgreindum upplýsingum. Bæklingnum er t.d. ætlað að koma til móts við fanga sem eiga við lestrarörðugleika að stríða og verður að telja slíkt framtak jákvætt.

Áður hefur umboðsmaður vikið að því í skýrslum sínum að upplýsingar um lög og reglur sem gilda um vistunina kunni ekki alltaf að komast til skila við komu í fangelsi vegna ástands fanga, s.s. geðshræringar eða vímuástands.<sup>79</sup> Að sögn Fangelsismálastofnunar er þó komið til móts við þetta með því að fangaverðir „fari lauslega“ yfir bæklinginn með fanga.

*Með vísan til framangreindrar umfjöllunar er þeim **tilmælum** beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að tryggja að föngum berist upplýsingar svo þeim sé unnt að öðlast skilning á réttindum sínum og skyldum, s.s. með því að leggja aukna áherslu á að fylgja afhendingu innkomubæklingis eftir með greinargóðri munnlegri upplýsingagjöf á hátt sem viðkomandi fangi skilur, eftir atvikum með aðstoð túlkabjónustu, við innkomu eða eftir atvikum í framhaldi af henni.*

## 9.2 Skráning og afgreiðsla erinda<sup>80</sup>

Hvers konar beiðnir og erindi eru almennt lögð í hólfi við varðstofu án staðfestingar á móttöku. Í viðtölum við fanga kom endurtekið fram að erfitt væri að nálgast upplýsingar um stöðu umsókna, beiðna og annarra erinda sem þeir hefðu lagt fram, t.d. beiðna um læknatíma sálfræðibjónustu og tíma hjá félagsráðgjafa. Þeir væru því oft óvissir um stöðu mála sinna og upplifðu að starfsmenn hefðu litla yfirsýn yfir þau. Það

<sup>78</sup> Sjá almenna umfjöllun um upplýsingagjöf í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019*, bls. 52-53. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>79</sup> Sjá *Skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019*, bls. 52. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023] og *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 69. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>80</sup> Sjá umfjöllun um mikilvægi skráningar í tengslum við frelsissviptingu manna í *Skýrslu vegna heimsóknar á Öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni 28.-29. janúar 2021*, bls. 36. Birt á vefslóð <https://www.umbodsmadur.is/asset/10137/opcat-oryggisdeild-litla-hraun.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

reyndist þeim t.a.m. þungbært að vita ekki hvenær þeir mættu eiga von á að fá umbeðna heilbrigðisþjónustu. Jafnframt kom fram að dæmi væru um að fangar hefðu lagt fram skrifleg erindi án þess að fá svör við þeim.

*Þeim tilmælum er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að haga verklagi við skráningu og afgreiðslu erinda frá föngum þannig að það uppfylli kröfur skráðra og óskráðra reglna stjórnsýsluréttar um skráningu, skyldu til að svara skriflegum erindum og rétt aðila til að nálgast upplýsingar um stöðu mála sinna. Eru hér hafðir í huga bæði möguleikar fanga til að gæta réttar síns og möguleikar eftirlitsaðila til að leggja mat á meðferð og úrlausn mála.*

### 9.3

#### Kæurur<sup>81</sup>

Af gögnum sem umboðsmanni bárust verður ekki séð að föngum hafi verið leiðbeint um viðeigandi kæruleiðir vegna líkamsleita, líkamsrannsóknna og klefaleita.<sup>82</sup> Þá verður ráðið að vegna tveggja ákvarðana vegna vistunar í öryggisklefa hafi föngum ekki verið gefinn kostur á að undirrita ákvarðanirnar til að staðfesta birtingu þeirra.<sup>83</sup> Gögnin bera ekki heldur með sér hvort og hvernig viðkomandi var kynnt efni ákvarðananna eða viðeigandi kæruleiðir.<sup>84</sup> Hér þarf að hafa í huga að skortur á skráningu getur gert umboðsmanni og öðrum eftirlitsaðilum erfitt fyrir um að staðreyna hvort viðeigandi kæruleiðbeiningar hafi verið veittar.<sup>85</sup>

*Þeim tilmælum er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að tryggja að:*

- skráning í tengslum við kærarlegar ákvarðanir sé fullnægjandi.
- fangar séu almennt upplýstir um kæruleiðir.
- föngum séu kynntar kærheimildir og -frestir vegna klefaleita, líkamsleita og líkamsrannsóknna, þ.m.t. þvagsýnatöku.

### 9.4

#### Kvartanir<sup>86</sup>

Í viðtölum við fanga kom fram að þeir væru ýmist ekki eða illa upplýstir um kvörtunarleiðir. Þeim þætti erfitt að kvarta undan einstökum starfsmönnum eða samföngum,

<sup>81</sup> Sjá umfjöllun um kærur í *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019*, bls. 57-58. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>82</sup> Fjallað er um klefaleitir, líkamsleitir og líkamsrannsóknir í köflum 3.4, 3.5 og 3.6.

<sup>83</sup> Af ákvörðuninum var hins vegar ljóst að vitni höfðu undirritað þær til að staðfesta birtingu. Sjá í þessu sambandi 4. mgr. 76. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga.

<sup>84</sup> Það athugasá umboðsmaður hefur bent á að óvist sé að slíkar leiðbeiningar þjóni tilgangi sínum séu þær einungis veittar munnlega. Betur sé tryggt að þær skili sér séu þær jafnframt veittar skriflega. Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019*, bls. 58. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>85</sup> Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni 28.-29. janúar 2021*, bls. 36. Birt á vefslóð <https://www.umbodsmadur.is/asset/10137/opcat-oryggisdeild-litla-hraun.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>86</sup> Möguleikar fanga til að gera athugasemdir vegna atvika eða aðstæðna í afplánum einskorðast ekki við kærarlegar ákvarðanir. Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni 8.-9. október 2019*, bls. 58-59. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10080/opcat-sogn-final.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023]. Sjá í þessu sambandi 1. og 2. mgr. 2. gr. reglna fangelsa nr. 600/2016. Samkvæmt þeim getur

m.a. þar sem fyrirkomulagið geri ekki ráð fyrir að fangar geti lagt fram kvartanir þannig að tryggður sé trúnaður um efni þeirra.<sup>87</sup> Fangar óttuðust einnig að það gæti bitnað á vistun þeirra að kvarta þannig að það hefði t.a.m. áhrif á möguleika þeirra á að flytjast í opið úrræði.<sup>88</sup> Þá kom fram að kvörtunareyðublöð hefðu ekki verið aðgengileg inni á deildum fyrr en stuttu fyrir heimsóknina og samræmdist það því sem fram kom í samtölum við stjórnendur. Loks töldu fangar almennt ólíklegt að brugðist yrði við kvörtunum þeirra.<sup>89</sup> Þannig varð ráðið að litið traust væri fyrir hendi gagnvart kvörtunarleiðum innan fangelsisins.

Fangelsismálastofnun hefur gefið út almennt verklag sem tekur til kvartana yfir framgöngu og háttsemi fangavarda og annarra starfsmanna fangelsis í garð fanga.<sup>90</sup> Af fimm kvörtunum sem umboðsmaður kallaði eftir í tengslum við heimsóknina lutu tvær að starfsmönnum fangelsisins. Þeim kvörtunum var svarað í samræmi við ofangreint verklag en aftur á móti hafði þeim kvörtunum sem beindust að öðru, s.s. aðbúnaði eða öðrum föngum, ekki verið svarað sérstaklega og þar með ekki leiðbeint um kæruleiðir, þar sem við átti. Í þessu samhengi er rétt að minna á að það helgast af almennum reglum stjórnáráðuneytisins að svara ber þeim erindum sem stjórnvöldum berast.<sup>91</sup>

Ekki má skoða bréf fanga til tiltekinna aðila.<sup>92</sup> Í heimsókninni kom fram að bréf væru stundum lesin af starfsmönnum til að tryggja að þau kæmst á áfangastað. Í viðtölum við stjórnendur komu þó fram hugmyndir um að hafa tiltæk fyrirfram merkt umslög, s.s. til umboðsmanns Alþingis og dómismálaráðuneytisins, svo ekki gerðist þörf á að opna bréfin.

Aðurlýst framkvæmd er í ósamræmi við lög og að mati umboðsmanns auk þess aðfinnsluverð. Umboðsmaður vék að rétti fanga til bréfaskipta og símtala í frumkvæðisathugun hans sem laut að þessum atriðum í Fangelsinu Hólmsheiði. Í viðbrögðum dómismálaráðuneytisins kom fram að ráðuneytið hefði farið þess á leit við Fangelsismálastofnun að komið yrði á fót skriflegu verklagi sem taki til símtala og bréfaskipta fanga og að þess yrði gætt að það sé skýrt og kynnt föngum reglulega þannig að fangar séu upplýstir um réttindi sín til bréfaskipta.<sup>93</sup>

fangi sem telur sig beittan órétti sent kvörtun til forstöðumanns fangelsisins. Þá getur hann sent kvörtun til varðstjóra telji hann sig órétti beittan af hálfu samfanga.

<sup>87</sup> Umboðsmaður hefur áður fjallað um aðgengi að kvörtunareyðublöðum og leiðir til að tryggja trúnað við kvartanir, s.s. með aðgengi að innsigliðum kassa. Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Kviabryggju 22.-23. mars 2022*, bls. 42. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua\\_opcat\\_kviabryggja.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10199/ua_opcat_kviabryggja.pdf) [sótt á vef 1. desember 2023]. Sjá í þessu samhengi m.a. 70.1 og 70.8 gr. evrópsku fangelsisreglnanna og 56. gr. Nelson Mandela reglnanna.

<sup>88</sup> Sjá í þessu samhengi 70.9 gr. evrópsku fangelsisreglnanna þar sem fram kemur að það megi ekki hafa neikvæðar afleiðingar fyrir fanga að leggja fram beiðnir eða kvartanir. Sjá einnig 2. mgr. 57. gr. Nelson Mandela reglnanna.

<sup>89</sup> Sjá 70.6 gr. evrópsku fangelsisreglnanna þar sem fram kemur að bregðast skuli hratt við kvörtunum og gera kvartanda ljóst hvort brugðist verði við kvörtun og þá með hvaða hætti.

<sup>90</sup> Sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020*, bls. 78. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheiði-skyrsla.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

<sup>91</sup> Svarreglan er óskráð regla stjórnáráðuneytisins um að hver sá sem ber upp skriflegt erindi við stjórnvald eigi rétt á að fá skriflegt svar nema erindið beri með sér að ekki sé vænst svara. Í því felst nánar tiltekið að stjórnvaldinu er skylt að bregðast við erindinu þannig að borgarinn búi ekki við óvissu um hvort það hafi verið mótekið, sé til meðferðar eða að niðurstaða hafi fengist í því. Sjá t.d. bréf umboðsmanns Alþingis frá 16. mars 2021 í máli 10928/2021 og til hliðsjónar álit umboðsmanns Alþingis frá 20. júní 1989 í máli nr. 114/1989.

<sup>92</sup> Sbr. 2. mgr. 50. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga.

<sup>93</sup> Sjá bréf umboðsmanns Alþingis frá 22. júní 2023 í máli nr. F134/2023. Sjá einnig svar dómismálaráðuneytisins til umboðsmanns frá 26. apríl 2023. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10266/f134-svar-dmr-260423.pdf> [sótt á vef 1. desember 2023].

Þeim **tilmælum** er beint til Fangelsismálastofnunar og Fangelsisins Litla-Hrauni að útbúa verklag sem nær til meðferðar allra kvartana og tekur mið af eftirfarandi atriðum:

- fönngum sé leiðbeint um kvörtunarleiðir við komu í fangelsið og standi til boða upplýsingaefni og leiðbeiningar starfsmanna um þær á meðan vistun stendur.
- aðgengi að kvörtunareyðublöðum sé tryggt.
- kvartanir séu lagðar í réttan farveg, þær afgreiddar, viðkomandi tilkynnt um úrlausn kvörtunar og kynntar viðeigandi kæruleiðir, ef við á.
- tryggt sé að fangar eigi þess kost að beina kvörtunum til forstöðumanns fangelsisins, stjórnvalda eða annarra eftirlitsaðila, í trúnaði og án hættu á að einhver komist að efni þeirra, s.s. með því að tryggja þeim aðstöðu þar sem er næði til að útbúa kvörtun og koma fyrir í innsigliðum kassa.
- fönngum sé gert ljóst að það komi ekki niður á vistun þeirra á nokkurn hátt að leggja fram kvartanir.
- tryggt sé að bréfaskipti milli fanga og lögmanna, opinberra stofnana, presta eða annarra sambærilegra fulltrúa skráðra trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga sem fangi tilheyrir og umboðsmanns Alþingis séu ekki skoðuð.

Þá er þeirri **ábendingu** beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að fylgja eftir áformum um að útbúa fyrir fram merkt umslög eða tryggja með öðrum hætti að fanga sé ljóst að nauðsynlegt sé að hann riti sjálfur á bréf hverjum það á að berast.

## 10 Eftirfylgni

Umboðsmaður mun fylgjast áfram með þróun mála og viðbrögðum Fangelsisins Litla-Hrauni og Fangelsismálastofnunar í kjölfar þessarar skýrslu sem getur jafnframt orðið tilefni til þess að hann taki tiltekin atriði til frekari skoðunar á grundvelli OPCAT-eftirlitsins eða á grundvelli frumkvæðisheimildar sinnar, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Með sama hætti mun umboðsmaður fylgjast með því hver verður framvinda þeirra atriða sem bent er á í þessari skýrslu og varða aðkomu dómsmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og mennta- og barnamálaráðherra.

Í ljósi réttaröryggis þeirra einstaklinga sem vistaðir eru á Litla-Hrauni er þess óskað að fangelsið og eftir atvikum Fangelsismálastofnun upplýsi umboðsmann um viðbrögð við þeim eigi síðar en 1. júní 2024. Þannig er þess óskað að upplýst verði um hvort þau leiði til einhverra aðgerða eða athafna af þeirra hálfu, og þá hverra, sem og um aðrar aðgerðir sem talin er ástæða til að ráðast í af þessu tilefni. Þess er jafnframt óskað að umboðsmanni hafi á sama tíma verið gerð grein fyrir viðbrögðum dómsmálaráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins og mennta- og barnamálaráðuneytisins við þeim tilmælum og ábendingum sem beint er til þeirra.

